




**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson fjallar um trúsmál. **13**



**MENNING** Stigur aftur á íslenskar fjallar með norskum leikhópi í vikunni. **22**



**LÍFID** Málari á skóflur og lætur pendúl ráða verði. **24**



**SPORT** Gerrard kvaddi með tapi, en hver þorir að klæðast áttunni næst? **26**

Til hvers að flækja hlutina?

**SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!**

**365**

365.is Sími 1817

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

18. maí 2015  
115. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

FRÉTTIR



**Talþjálfun á netinu**

Bæjarstjórinn í Vesturbýggð segir að tilraunaverkefni með talþjálfun á netinu hafi tekist vonum framar. Skoða á sálfræðipjónustu fyrir börn á sama hátt, en íslenskukennsla fyrir börn af erlendum uppruna er komin á netið. **2**

**Vill sölusamtök um mjöl** Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri Fiskimiða og formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, segir að sölumálum á fiskimjöli og lýsi gæti verið betur borgið í höndum öflugra sölusamtaka. **4**

**Vill endurupptöku á máli sínu** Ólafur Ólafsson hefur óskað eftir því við endurupptökunefnd að mál hans verði tekið upp að nýju. Ólafur hlaut fjögurra og hálfis árs dóm fyrir markaðsnotkun og umboðssvik í Al Thani-málinu. **6**

**Engar viðræður um þinglok** Engar samningaviðræður eru hafnar við stjórnarandstöðu um hvenær þingi verður frestað. **8**



**3 SÉRBLÖÐ**

Fasteignir | Málað í sumar | Fólk



## Akureyri á að vera kolefnishlutlaus bær

Hafin er vinna innan Akureyrarkaupstaðar um að gera bæinn kolefnishlutlausan. Með samstilltu átaki verður í fyrsta sinn reynt að kolefnisjafna heilt samfélag á Íslandi. „Lítið þarf til að takmarkið náist,“ segir verkefnisstjóri hjá Vistorku.

**NÁTTÚRUVERN** Gera á Akureyri að kolefnishlutlausu sveitarfélagi í náinni framtíð. Stofnað hefur verið fyrirtækið Vistorka ehf. í eigu Akureyrarkaupstaðar þar sem markmiðið verður kortlagt. „Frumforsendan er að bera saman bæ með um 20.000 íbúa sem notar eingöngu jarðefnaeldsneyti sem orkugjafa, við bæ eins og Akureyri. Við undirbúning stofnunar Vistorku voru skoðuð áhrif þessara verkefna á kolefnisbókhalda íbúa Akureyrarkaupstaðar,“ segir Guðmundur Haukur Sigurðarson, verkefnisstjóri hjá Vistorku.

Akureyrarbær og Vistorka munu ráðast í aðgerðir sem stuðla að því að gera bæinn kolefnishlutlausan með því að nýta og endurvinna



**GUÐMUNDUR HAUKUR SIGURÐARSON** verkefnisstjóri Vistorku

beisla það á aðra vegu, svo sem með endurnýtingu á orku.

„Bæir í Evrópu af sömu stærð og Akureyri sem nota kol, olíu eða gas sem orkugjafa losa gróflega um 100 milljón kíló af koldíoxíði árlega,“

úrgang í samfélaginu, stuðla að umhverfissvænni samgöngum og ýta undir skógrækt og matjurtaræktun heimila. Kolefnishlutleysi snýst um að jafna út það magn koldíoxíðs sem leyst er út í andrúmsloftið með því að

segir Guðmundur Haukur. „Þar sem öll upphitun húsnæðis á Akureyri er með jarðvarma og raforkunotkun einnig kolefnisfrí, lækkuð við töluna okkar um 57 milljón kíló. Einnig flokka Akureyringar lífrænan úrgang og búa til úr því áburð. Því eru aðeins um 30 milljón kíló eftir hjá okkur á Akureyri og er það fyrst og fremst vegna samgangna.“

Lækkun kolefnislosunar íbúa vegna samgangna þarf ekki að vera íþyngjandi fyrir íbúana að mati forsvarsmanna Vistorku. Ýmsar minni aðgerðir eru þegar hafnar, skógrækt mun nýtast, og hefur þegar gert, og ný vatnsaflsvirkjun á Glerárdal mun einnig nýtast til þess að knýja um 7.500 rafmagnsbíla í bænum. -sa



**FJÖLBREYTT FUGLAGER** Sýningin Handverk og hönnun er nú í gangi í Ráðhúsi Reykjavíkur, en þetta er í 13. sinn sem hún er haldin. Þar má sjá fjölbreytt handverk, eins og þessa útskornu fugla Jóns Ólafssonar.

## Húsnæðismálaráðherra neitar að draga til baka frumvarp um húsnæðismál: Ágreiningur um húsnæðismál

**STJÓRNMÁL** Ágreiningur er kominn upp um hvernig meðhöndla eigi frumvörp um húsnæðismál fyrir þinglok.

Fjármálaráðuneytið hefur beðið Eygló Harðardóttur húsnæðismálaráðherra að draga til baka frumvarp sitt um stofnstyrki til uppbyggingar félagslegs húsnæðis. Ástæða þess er að frumvarpið gæti tekið breytingum eftir samtal húsnæðisráðherra og launþegahreyfingarinnar. Frumvörpin gætu verið innlegg í kjaraviðræður.



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Þrátt fyrir beiðni fjármálaráðuneytisins ætlar Eygló ekki að draga frumvarpið til baka og ætlar

að freista þess að leggja fram frumvörpin fyrir þinglok.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að um eðlilegt verklag sé að ræða. „Það eru bara verklagsreglur að afturkalla frumvörp sem taka breytingum.“

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, sagði að fólk hefði beðið lengi eftir frumvörpum af þessum toga. Hann hefur áhyggjur af seinangangi.

## Frumflytur á Secret Solstice: Nýtt efni frá Helga Björns:

**TÓNLIST** Söngvarinn Helgi Björns gefur út plötu með nýju frumsömdu efni í haust. Hann hefur verið við upptökur í Hljóð-



**HELGI BJÖRNSSON**

rita og mun frumflytja eitt-hvað af nýja efninu á tónlistarhátíðinni Secret Solstice, sem haldin verður í júní. „Þetta er allt saman nýtt efni, sem ég hef verið að semja einn og líka með öðrum,“ segir Helgi, en hann vinnur mikið með Guðmundi Óskari Guðmundssyni, sem meðal annars plokkað bassann í Hjaltalín. Helgi segir erfitt að lýsa nýju tónlistinni. „Það er frekar erfitt að lýsa þessu sem stendur. Þetta er svona sitt af hvoru tagi, þetta er bara svona Holy-B-tónlist.“ -glp / sjá síðu 25

## Slær í gegn í gæsaveislum: Málar myndir með typpinu

**FÓLK** „Þetta hefur verið gífurlega vinsælt. Ég hef ekkert auglýst mig heldur hefur símanúmerið mitt bara borist manna á milli og



**AXEL VALUR DAVÍÐSSON**

síminn hringir oft og oft,“ segir Axel Valur Davíðsson, eða PERRÓ, eins og hann kallar sig, um limalistina sem hann býður upp á. Axel hefur verið að mæta í gæsanir og mála myndir af gæsinni með typpinu á sér.

„Svo bara byrja ég að mála með mínum persónulega pensli á strigann, yfirleitt andlitsmyndir af gæsinni eða afmælisbarninu,“ útskýrir PERRÓ, en pensillinn er typpið á honum. „Ég held ég sé eini karlkyns listmálarastrippari á landinu.“ -ga / sjá nánar bls 10

**Pinex® Smelt**  
Munndreifitöflur 250 mg


Actavis

**100% HREIN E-VÍTAMÍN OLÍA**  
Við hrukku, örur, sliti og þurri húð

dr.organic Bioactive Skincare  
Organic Vitamin E Pure Oil

Fæst í Heilsuhúsinu, Lyfju og Apótekinu.

## VEÐUR



Í dag verður norðan átt áfram, en vindur hægari en hann var í gær. Sólin lætur sjá sig vestanlands, en einhver lítilsháttar væta gerir vart við sig annars staðar á landinu. Hiti verður svipaður og hann var í gær.

**SJÁ SÍÐU 20**

## Íbúar í Þingholtunum eru orðnir langþreittir á því að hópferðabílar aki um þröngar göturnar: Rútur spúa dísilreyk inn í barnaherbergi

**UMFERÐ** „Munaði engu að ég fengi rúturna inn um stofugluggann og tók ég því myndband af atvikinu til að eiga fyrir tryggingafélagið ef rútan myndi rekast í heimili mitt,“ skrifaði Halldór Bragason, á Facebook-síðu sinni á laugardaginn.

Hann myndaði rútu sem bakkaði Þingholtsstrætið að Laufásvegi til að hleypa út farþegum. Hann er ósáttur með að rútur hleypi út farþegum í íbúðahverfinu en þegar hann myndaði rúturna hafði lögreglumaður afskipti af honum.

„Lögreglan bannaði myndatökur og var mjög ógnandi við mig reyndi að rífa af mér símann en ég lagði hann niður og hljóðritaði samtalið við lögreglumanninn, sem heitnaði nafn og kennitölu sem ég sagði honum ljúflega,“ skrifaði hann í stöðuuppfærslunni. Hann vill afsökunarbeiðni frá lögreglunni.

Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur, segir að bílstjórar megi ekki keyra svona þröngar götur og leit að verði skýringa hjá viðkomandi

ferðahjónustufyrirtæki. Hann gefur sér að bílstjórinn hafi ekki þekkt reglurnar en borgin samþykkti í fyrri reglur um að hópferðabílar lengri en átta metrar mættu ekki keyra um þröngar götur í Þingholtunum.

Kári Sölmundarson, íbúi við Þórs-götu, segir mörg dæmi þess efnis að íbúar í hverfinu og rútbílstjórar þjarki. Þá aki rútur á fimmtán mínútna fresti um Þórs götuna þótt það sé bannað. Hann þekkir til eins íbúa sem brást ókvæða við og skipti sér



**PRÖNGT Í ÞINGHOLTUNUM** Halldór segir rúturna næstum hafa farið utan í húsið sitt

MYND/SKJÁSKÖT

af rútbílstjóra sem lagði við glugga á herbergi barna hans og spjó inn dísilreyk.

- þk, srs



**NÝGIFT** Jesper og Jasmine voru gefin saman á fjáröflunarsamkomu til að vekja athygli á starfi samtakanna.

NORDICPHOTOS/GETTY

Fjáröflunarsamkoma samtaka sem bjarga pug-hundum:

## Hundar gefnir saman í Ástralíu

**ÁSTRALÍA** Þau Jasper og Jasmine eru hundar af tegundinni pug, sem var bjargað árið 2013 af samtökum sem sérhæfa sig í að bjarga pug-hundum. Samtökin, Pug björgunar- og ættleiðingasmótökin í Victoríu í Ástralíu, hafa komið mörgum pug-hundum til bjargar með því að finna þeim nýja eigendur. Þau Jasper og Jasmine voru gefin saman á fjáröflunarsamkomu fyrir samtökin þar sem safnað var fyrir starfi samtakanna.

- vh

## Viðbrögð við ásökunum: Áréttan sé afhelguð

**MENNING** Mennta- og menningar-málaráðuneytið hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem áréttað er að kirkja súa sem hýsir íslensku sýninguna í Feneyjum hafi verið afhelguð. Yfirlýsingin kemur í kjölfar fregna í fjölmiðlum um ásakanir heimamanna í Feneyjum um að íslenska moskan sé vanhelgun við kirkjuna.

Í yfirlýsingunni kemur fram að árið 1973 hafi Albino Luciani, þá patriarki í Feneyjum og síðar Jóhannes Páll páfi I., afhelgað kirkjuna. Yfirlýsingin er gefin út í samvinnu við Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar.

- kóp

## Snör viðbrögð flugfarþega: Fékk hjartaáfall í flugi frá Alicante

**BJÖRGUN** Farþegar um borð í vél WOW Air á leið frá Alicante til Keflavíkur sýndu mikið snar-ræði í nótt þegar eldri maður fékk hjartaáfall. Vélinni var snúið við og lent í Glasgow til þess að koma mannum á sjúkrahús.

Pressan greindi fyrst frá þessu en þar kemur fram að lækni og tveir hjúkrunarfræðingar hafi verið um borð. Þau hafi brugðist skjótt við en endurlífsgun hafi tekið langan tíma. Ástand mannsins liggur ekki fyrir en var stöðugt þegar hann var fluttur úr vélinni.

- ktd, vh

## Krakkar í Vesturbyggð fá talþjálfun um netið

Bæjarstjórinn í Vesturbyggð segir tilraunaverkefni í vetur með talþjálfun í gegn um netið fyrir börn hafa tekist vonum framar. Sami háttur sé á íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Skoða nú sálfræðiþjónustu fyrir börn um netið.

**SKÓLAMÁL** „Þetta hefur tekist vonum framar – alveg frábærlega eiginlega,“ segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð, um tilraunverkefni í vetur þar sem börnum í sveitarfélaginu hefur verið boðin talþjálfun í gegn um netið.

Vesturbyggð samdi við fyrirtækið Tröppu um verkefnið og fékk að sögn Ásthildar bæjarstjóra styrk til þess frá bæði velferðarráðuneytinu og Sprotasjóði. Með þessu ríður Vesturbyggð á vaðið meðal sveitarfélaga landsins.

„Það er gríðarleg löng bið í bænum eftir þjónustu talmeinafræðings og við erum að prófa að bjóða upp á þessa þjónustu þannig að foreldrar þurfi ekki að fara til Reykjavíkur með börnin sín,“ útskýrir Ásthildur.

Kennslan fer þannig fram að börnin koma sér fyrir með heyrnartól og hljóðnema við tölvu í sérkennslustofu skólans og eru í beinu sambandi við talmeinafræðing í Reykjavík. Talmeinafræðingarnir hafa að sögn Ásthildar komið vestur nokkrum sinnum til að kynna börnunum.

„Það hefur verið uppsöfnuð þörf og þetta eru börn á öllum aldri,“ segir bæjarstjórinn. Verið sé að leysa vanda sem hafi verið mjög lengi til staðar og haft áhrif á þroska barna og sjálfsmynd. „Foreldrar þurfa ekki að fara í biðröðina í Reykjavík heldur geta þeir fengið þessa þjónustu heima fyrir. Þeir foreldrar sem ég þekki til eru alsælir og ég held að við munum halda áfram með þetta.“

Í Vesturbyggð er einnig hafin, í



**ÁSTHILDUR STURLUDÓTTIR** Bæjarstjórinn í Vesturbyggð segir fjarkennslu á netinu framtíðina í hinum dreifðu byggðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL

samstarfi við Tröppu, fjarkennsla í íslensku fyrir börn af erlendum uppruna. „Þar eru þrjár stúlkur núna í intensívu íslenskunámi í einn mánuð hjá kennara sem hefur áratuga reynslu. Við erum að sækja í bestu kennarana þannig að börnin eru að fá súperþjónustu,“ segir Ásthildur, sem sér fyrir sér aukna möguleika á þessu sviði:

„Við eigum erfitt með að fá eðlisfræðikennara til dæmis. Í staðinn fyrir að ráða bara einhvern þá værum við frekar að ráða skóla-liða og kaupa síðan svona þjónustu. Við gætum verið með besta

„Peir foreldrar sem ég þekki til eru alsælir.“

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð.

stærðfræðikennara landsins sem væri að kenna á fjarfundi.“

Þá nefnir Ásthildur að verið sé að skoða sálfræðiþjónustu fyrir börn í gegn um netið þar sem ekki sé boðið upp á slíka þjónustu í Vesturbyggð. „Við teljum að þessi tækni sé framtíðin, að minnsta kosti fyrir okkur sem búum í þessum dreifðu byggðum,“ segir bæjarstjórinn.

gar@frettabladid.is

**Gæði og áreiðanleiki**

**Par sem ferðalagið byrjar**

Korputorg  
112 Reykjavík  
Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is

**Útilegu maðurinn**  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opíð mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Engin niðurstaða af fundi Flóans og VR með sáttasemjara í gær:

## Flókin staða í kjaraviðræðum

**KJARAMÁL** Engin niðurstaða náðist á samningafundi VR og Flóabandalagsins með Samtökum atvinnulífsins hjá ríkissáttasemjara í dag. Staðan er flókin og viðkvæm segir formaður VR.

Á föstudag ákvað Starfsgreinasambandið að fresta fyrirhuguðum verkfallsaðgerðum um eina viku til að gefa Samtökum atvinnulífsins tækifæri til að koma með betra tilboð en SA hafa boðið rúmlega 20 prósentu hækkun launa. Ekkert þokaðist í viðræðum BHM og ríkisins á föstudag og næsti samningafundur hefur verið boðaður á morgun. Sjö klukkustunda löngum samningafundi VR og Flóabandalagsins með Samtökum atvinnulífsins lauk á föstudag og voru fulltrúar stéttarfélaganna jákvæðir gagnvart því að niðurstaða væri innan seilingar. VR og Flóabandalagið funduðu svo aftur með SA í húsnaði ríkissáttasemjara í dag en fundinum lauk klukkan fimm án niðurstöðu.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segir að staðan sé flókin og viðkvæm.

„Við þurfum bara mikið lengri tíma til þess að geta tekið einhverja heildarmynd á þetta. Við erum hvorki hjartsýn né svartsýn en við ákváðum að hitt-



**TÍMAPRESSA** Formaður VR segir tíma til samninga nauman. Frá fundinum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ast aftur næsta þriðjudag klukkan eitt. Við áttum fundi með okkar hópum í morgun áður en við hittumst hjá ríkissáttasemjara. Okkar mat er að við þurfum bara lengri tíma til að geta lagt mat á stöðuna,“ segir Ólafía.

Ólafía segir félögin ekki nær því að ná samningi eftir fundi gær dagsins.

- þþ



1975 | Bílabúð Benna | 2015



### Opel Mokka

Verð frá: **4.690.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **469.000 kr.**

## OPEL MOKKA

# EINN RÓTSTERKUR FRÁ OPEL!

Ef þú vilt sitja mátulega hátt í umferðinni og njóta útsýnisins í botn, þá er Opel Mokka akkúrat málið. Þar ertu umvafin(n) góðu rými og gæðainnréttingu, með öll stjórnþæki innan seilingar. Þetta er bíll sem sameinar kraft, lipurð og flottar línur – rötsterkur Mokka frá Opel.



Annað árið í röð völdu lesendur Auto Bild, Opel Mokka, 4X4 bíl ársins í Þýskalandi. Þökk sé þýsku hugviti og skemmtilegum akstursegginleikum.



Kynntu þér Opel Mokka á [opel.is](http://opel.is) eða á [benni.is](http://benni.is)

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.



Wir leben Autos.



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyld er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

## SPURNING DAGSINS



Parf að virkja samráðið á þinginu?

**Já, það myndi skila mikilli orku.**  
Guðmundur Steingrímsson gagnrýndi í síðstu viku skort á samtali milli stjórnar og stjórnarandstöðu eftir að forsætisráðherra tilkynnti um að virkjanaáform í Hagavatns-virkjun stæðu ekki lengur til.

Vígamenn Ríkis Íslams náðu yfirráðum í höfuðborg Anbar, stærsta héraðs Íraks:

## Hafa náð völdum í Ramadi

**ÍRAK** Hryðjuverkasamtökin Ríki Íslams hafa náð yfirráðum í írösku borginni Ramadi, sem er höfuðborg Anbar, stærsta héraðs Íraks. Á föstudag lögðu vígamenn Ríkis Íslams undir sig margar stjórnarbyggingar í borginni.

Á föstudag vörpuðu þeir sex bílsprengjum á borgina og urðu í kjölfarið upp mikil átök. Vígamenn Ríkis Íslams flögguðu svörtum fánum sínum víða um borgina í kjölfarið, í mörgum stórum byggingum.

Hersveitir stjórnarhersins fóru þaðan í gærkvöld og í framhaldi sendu samtökin frá sér tilkynningu þar sem kom fram að sveitir þeirra hefðu nú náð fullum yfirráðum fyrir allri borginni.

Fjölmarginir íbúar borgarinnar hafa flúið þaðan vegna átakanna. Seinni partinn í gær tilkynntu yfirvöld að her- og lögreglumenn væri einnig teknir að flýja borgina. BBC segir frá því að síðan á föstudag hafi yfir 500 manns verið dreppir í borginni, þar á meðal lögreglumenn. -vh



**BÍLASPRENGJUR** Vígamenn Ríkis Íslams vörpuðu sex bílsprengjum á borgina á föstudag.

## Árás á flugvöllinn í Kabúl: Maður sprengdi sig í loft upp

**AFGANISTAN** Þrír létu lífið þegar sjálfsvígssprengjumaður sprengdi sig í loft upp við alþjóðaflugvöllinn í Kabúl í gær.

Árásin átti sér stað við inngang flugvallarins sem hýsir hernaðarfartæki. Tvær unglingsstúlkur dóu í árásinni og átján manns slösuðust.

Talibanahreyfingin lýsti yfir ábyrgð á verknadnum með tölvu-póstskeyti til fjölmiðla.

Þetta er önnur árás talibana í Kabúl á einni viku. -sfs



**MANNRÉTTINDAVERÐLAUN** Verðlaunahafar mannréttindaverðlaunanna og styrkþegar mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar.

Mannréttindaverðlaun veitt:

## Frú Ragnheiður verðlaunuð

**SAMFÉLAGSMÁL** Frú Ragnheiður hlaut Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar sem afhent voru síðastliðinn laugardag á mannréttindadegi Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhenti verkefnastjóra Frú Ragnheiðar, Svölu Jóhannesdóttur, peningaverðlaun, 600 þúsund krónur, við hátíðlega athöfn í Höfða. Frú Ragnheiður er skaðaminnkunarverkefni Rauða krossins, markmið verkefnisins er að ná til jaðarhópa samfélagsins og bjóða þeim almenna heilsumvernd án fordóma. -gló

## Atkvæðagreiðsla á Írlandi: Safna liði til að kjósa kjósa nei

**ÍRLAND** Fjöldi kristinna manna í Írlandi safna um þessar mundir liði til að hvetja írsku þjóðina til að hafna hjónabandi samkynhneigðra í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þjóðaratkvæðagreiðslan sem heimilar breytingar á írsku stjórnarskránni fer fram næstkomandi föstudag.

Búist er við því að stjórnarskrárbreytingin verði samþykkt en í skoðanakönnun Irish Times kemur fram að 58 prósent kjósenda munu kjósa já. -sfs

# Ráðum engu um verðmyndun í milljarða afurðaflokkki

Vert er að ræða hvort sölumálum á mjöli og lýsi sé ekki betur borgið hjá öflugum sölusamtökum ólíkt því sem nú er. Ísland ræður engu um verðmyndun á markaði eftir samþjöppun risafyrirtækja í Noregi og Danmörku.

**SJÁVARÚTVEGUR** Sölumálum á fiskimjöli og lýsi á Íslandi gæti verið betur borgið á hendi öflugra sölusamtaka. Þrátt fyrir mikla framleiðslu ræður Ísland engu um verðmyndun mjöls og lýsis á heimsmarkaði. Samþjöppun fyrirtækja á fáar hendur í Skandinavíu hafa fætt af sér risafyrirtæki sem setja verðið fyrir íslenska framleiðendur.



**JENS GARDAR HELGASON**

Á þetta bendir Jens Gardar Helgason, framkvæmdastjóri Fiskimiða og formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, en hagsmunirnir eru miklir. Á árunum 2011 til 2013 voru útflutningsverðmæti mjöls og lýsis um 110 milljarðar króna eða 12 til 16% af útflutningsverðmætum sjávarútvegsins í heild.

„Ef Pelagia setur verð á skandinavíska markaðnum þá er voðalega lítið sem við getum hreyft það til hefðbundinna kaupenda okkar, svo dæmi sé tekið,“ segir Jens Gardar og

## Miklir hagsmunir

Útflutningsverðmæti mjöl/lýsi

|      |                      |
|------|----------------------|
| 2011 | 29 milljarðar - 12%* |
| 2012 | 37 milljarðar - 14%  |
| 2013 | 43 milljarðar - 16%  |
| Alls | 110 milljarðar       |

\* Hlutfall af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða



**LANDAÐ Í BRÆÐSLU** Vestmannaeyingar taka á móti miklu magni til bræðslu árlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

vísar til norska sjávarútvegsfyrirtækisins Pelagia sem á orðið allan fiskimjöls- og lýsis-iðnaðinn í Noregi.

Fyrirtækið er einnig búíð að kaupa upp verksmiðjur í Danmörku, og hefur tryggt sér allar verksmiðjurnar í Bretlandi og á Írlandi. Í dag á Pelagia nú af tíu fiskimjölsverkmiðjum landanna og rekur sextán uppsjávarfrystihús.

Fimm fyrirtæki annast sölu á mjöli og lýsi frá Íslandi, en verkmiðjurnar eru ellefu talsins.

„Ég hef talað fyrir því að Íslendingar skoði sölumálin sameiginlega því eins og málum er háttað í dag erum við algjörir verðþegar á markaðnum. Það er

## Blikur á lofti á mjöl- og lýsismarkaði

Fréttir berast nú af því að veðurfyrirbrigðið El Niño, sem í mikið einfaldaðri mynd stendur fyrir miklum frávikum í sjávarhita í austanverðu Kyrrahafi, sé líklegt til að hafa meiri áhrif en mörg undanfarin ár, en við þessu varar m.a. bandaríska haf- og loftslagsstofnunin (NOAA).

Lengi voru fréttir sem þessar jákvæðar, enda hrynur jafnan veiði á ansjósu í Perú í kjölfarið, en þeir eru langstærstu mjöl- og lýsisframleiðendur heims og byggja á þeim veiðum. Verð á afurðum annarra framleiðenda hækkar jafnan í kjölfarið, en breytingar á undanförunum árum í fóðurframleiðslu benda til að fréttirnar nú séu sætsúrar.

Til að mæta minna framboði af mjöli og lýsi hafa fóðurframleiðendur minnkað innihald mjöls og lýsis í uppskriftum sínum. Þeir hafa farið úr 35-50% niður í 8-12%, og stefna á 5-6% innihald. Með þessu verja fóðurframleiðendur sig líka fyrir miklum sveiflum í veiðum og gegn verðsveiflum með því að leita í sojamjöl og repjuólú í staðinn.

kominn tími til að setjast niður og skoða hvort Íslendingar geti unnið betur saman og komið

fram sem sterkari heild í sölumálum á alþjóðavísu,“ segir Jens Gardar. svavar@frettabladid.is

Góðir gestir á tíræðisaldri í menningar- og fræðslusetrinu Eyrabakkabrúnni:

## Láta hjólin snúast á ný á Bakknum

**MENNING** Bakkastofa á Eyrabakka er nýtt menningar- og fræðslusetur sem býður upp á dagskrá sem nefnist Eyrabakkabrúnni. „Þar gerum við sögunni, menningu og náttúrunni skil í samvinnu við Byggðasafn Árnesinga,“ segir Ásta Krístrún Ragnarsdóttir sem ásamt eiginmanni sínum, Valgeiri Guðjónssyni, stendur fyrir Eyrabakkabrúnni.

Föngulegur hópur eldri borgara frá Hallgrímskirkjusöfnuði kom í síðustu viku og voru flestir gestirnir á nírræðis og tíræðisaldri. „Á sagnavökuinni í kirkjunni kom í ljós að ein konan í hópnum hafði verið skírð í kirkjunni fyrir níttú og tveimur árum. Þar var á ferð sómakonan Margrét Anna Símonardóttir ekkja Guðmundar Kjærnested, þorskastríðshetju þjóðarinnar,“ segir Ásta Krístrún.

Hún segir nafnið á dagskránni vera tilkomið vegna þess að brýr, vegir og breyttar samgöngur hafi orðið til þess að Eyrabakki var ekki lengur í þjóðbraut. „Þorpið einangraðist og blómlegt líf menningar og verslunar, sem þorpið var víðfrægt fyrir, fjaraði smám saman út. Óseyrarbrúin kom ekki til sögunnar fyrr en löngu síðar. Nú hefur opnast fagur hringur sem leiðir fólk heim að strandþorpunum Stokkseyri og Eyrabakka. Suðurstrandavegur, Þrengslin, Óseyrarbrúin og áhuginn á sögu og sérstöðu Bakkabyggðanna hafa látið hjólin snúast á ný,“ segir Ásta. -vh

**92 ÁRUM SÍÐAR** Margrét Anna Símonardóttir var skírð í Eyrabakkakirkju fyrir 92 árum síðan. Hér er hún ásamt Ástu Krístrúnu við skírnarfontinn.



AQUALAND

Þeir sem bóka ferð til Mallorca í maí fá frítt fyrir alla fjölskylduna í Aqualand, á meðan birgðir endast.

ÚRVAL ÚTSÝN

PORTO DRACH

VALID BESTA HOTELB

tripadvisor

★★★★★

Superior íbúðahótel í Porto Cristo. Í næsta nágrenni við hótelið eru verslanir, veitingastaðir, barir og smábátahöfn. Hótelið stendur í nágrenni við Drekahellana sem enginn má láta framhjá sér fara.

2.-9. júní. Íbúð með einu svefnherbergi og sjávarsýn

89.900 KR.

m.v. 2 fullorðna og 2 börn. 136.500 kr. m.v. 2 fullorðna.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 201 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

**BÍLADÍLL DAGSINS!**  
Hafðu samband  
strax!



400.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 6.590.000 kr.

**Ford Explorer Limited** EMH08  
Skráður júní 2012, 3,5i bensín, sjálfskiptur.  
Ekinn 102.000 km.  
Ásett verð: 6.990.000 kr.



140.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.450.000 kr.

**Ford Focus Trend** HBV42  
Skráður maí 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn 83.000 km.  
Ásett verð: 2.590.000 kr. Í ábyrgð



400.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 890.000 kr.

**Ford Galaxy Trend** BV901  
Skráður júlí 2005, 2,0i bensín, beinskíptur.  
Ekinn 127.000 km.  
Ásett verð: 1.290.000 kr.



Verð: 1.890.000 kr.

**Nissan Micra Visia** OXS12  
Skráður júní 2012, 1,2i bensín, sjálfskiptur.  
Ekinn 43.100 km.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



280.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.590.000 kr.

**Ford Escape Limited AWD** AYX84  
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfskiptur.  
Ekinn 99.900 km.  
Ásett verð: 3.870.000 kr.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.490.000 kr.

**Hyundai i30 Comfort** FXK94  
Skráður ágúst 2009, 1,6i bensín, beinskíptur.  
Ekinn 76.000 km.  
Ásett verð: 1.690.000 kr.



160.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.190.000 kr.

**Mitsubishi Outlander Comfort** Z0832  
Skráður júlí 2007, 2,0 bensín, beinskíptur.  
Ekinn 146.000 km.  
Ásett verð: 1.350.000 kr.

### FINNDU BÍLINN ÞINN



Skoðu fleiri  
dæmi hér!

### TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN  
ÞINN OG VIÐ GERUM  
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.  
ENGIN SKULDBINDING

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



260.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.190.000 kr.

**Honda Accord Executive** YJ179  
Skráður júní 2006, 2,0i bensín, beinskíptur.  
Ekinn 141.000 km.  
Ásett verð: 1.450.000 kr.



160.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.290.000 kr.

**Subaru Forester Lux** NJT71  
Skráður júní 2009, 2,0i bensín, sjálfskiptur.  
Ekinn 134.000 km.  
Ásett verð: 2.450.000 kr.



400.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.790.000 kr.

**Volkswagen Passat Metan** UGD66  
Skráður júlí 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskiptur.  
Ekinn 74.000 km.  
Ásett verð: 3.190.000 kr.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.490.000 kr.

**Toyota Yaris Hybrid** MMS90  
Skráður janúar 2013, 1,5i hybrid, sjálfskiptur.  
Ekinn 27.000 km.  
Ásett verð: 2.690.000 kr. Í ábyrgð



140.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.050.000 kr.

**Ford Focus Trend** NN019  
Skráður október 2006, 1,6i bensín, beinskíptur.  
Ekinn 129.200 km.  
Ásett verð: 1.190.000 kr.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.990.000 kr.

**Toyota Yaris Terra** KBM99  
Skráður ágúst 2013, 1,0i bensín, beinskíptur.  
Ekinn 15.000 km.  
Ásett verð: 2.190.000 kr.



300.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.690.000 kr.

**Ford Kuga Titanium S** PGH11  
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn 101.000 km.  
Ásett verð: 3.990.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarinn fara  
beint á Facebook!

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030


Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á

## SVONA ERUM VIÐ



**259** krónur var kílóverðið á rúsnum í maí árið 2000.

Í maí árið 2014 var kílóverðið á rúsnum 744 krónur miðað við verðlag á öllu landinu.

## Vill að mál sitt verði tekið upp að nýju þar sem sönnunargögn hafi verið ranglega metin í málsmeðferðinni: Ólafur fer fram á endurupptöku á máli sínu

**DÓMSMÁL** Ólafur Ólafsson, sem hlaut fjögurra og hálfis árs dóm fyrir markaðsmisnotkun og umboðssvik í Al-Thani málinu, hefur óskað eftir því við endurupptökunefnd að málið verði tekið til meðferðar og dómsuppsögu að nýju hvað hann varðar. Hann segir sönnunargögn í málinu hafa verið ranglega metin.

Að mati Ólafs lagði Hæstiréttur rangt mat á samtals tveggja manna, þar sem annar vísar til samtals við ótilgreindan mann sem kall-

aður var „Óli“, um tiltekna þætti viðskiptanna sem málið tók til. Í tilkynningu frá Þórólfi Jónssyni, lögmanni Ólafs, segir að í vitnisburðum fyrir héraðsdómi og öðrum sönnunargögnum málsins komi skýrt fram að þar hafi verið átt við Ólaf Arinbjörn Sigurðsson lögmann. „Þrátt fyrir þessa staðreynd telur Hæstiréttur að vísað hafi verið til Ólafs Ólafssonar,“ segir í tilkynningunni.

Þórólfur segir að um grundvallaratriði sé að ræða. Af umræddu

símtali sé sú ranga ályktun dregin að Ólafur Ólafsson hafi verið upplýstur um tiltekna þætti viðskiptanna, þrátt fyrir að fyrirbyggjandi gögn sýni annað. Ekkert annað í málinu sýni fram á meinta vitneskju Ólafs um þessi atriði. Þessi ranga forsenda sé hornsteinninn að sakfellingu Ólafs í dómi Hæstaréttar sem telji að á grunni símtalsins sé hafið yfir skynsamlegan vafa að Ólafur Ólafsson skyldi njóta arðs til jafns við Al-Thani.



**VILL ENDURUPPTÖKU** Ólafur Ólafsson hefur óskað eftir því að mál hans verði tekið upp að nýju fyrir dómstólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ætlar sér að leggja fram frumvörpin

Húsnæðisráðherra mun leggja fram húsnæðisfrumvörp með eða án blessunar fjármálaráðuneytisins. Fjármálaráðherra segir að um verklag sé að ræða. Sex þingfundir eru eftir samkvæmt áætlun. Ráðherra vonast enn til að málið klárast í vor.

**STJÓRNMÁL** Eygló Harðardóttir húsnæðismálaráðherra segir að frumvarp hennar um stofnstyrki til uppbyggingar félagslegs húsnæðis hafi ekki verið dregið til baka og hún muni freista þess að leggja það fram á yfirstandandi þingi.

Kjarninn greindi frá því á föstudaginn að samkvæmt svörum frá fjármálaráðuneytinu hefði frumvarpið verið dregið til baka í lok apríl og von væri á nýju frumvarpi með breyttum áherslum.

Velferðarráðuneytið birti í kjölfarið fréttatilkynningu ráðherra á föstudagskvöldið um að frumvarpið hefði ekki verið dregið til baka. Því er ljóst að velferðarráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu ber ekki saman.

Um er að ræða tvö frumvörp sem hafa verið í meðferð fjármálaráðuneytisins undanfarnar sjö vikur. Annars vegar frumvarp um breytt húsaleigubótakerfi og hins vegar frumvarp um stofnstyrki til uppbyggingar félagslegra íbúða.

Eygló, segir að frumvarp um stofnstyrki til félagslegs húsnæðis verði ekki dregið til baka þrátt fyrir tilmæli fjármálaráðuneytisins þess efnis.

„Málin hafa ekki verið lögð fyrir ríkisstjórn og eru alveg órædd þar,“ svaraði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra spurður hvort upp væri kominn ágreiningur í ríkisstjórninni um málin. Bjarni segir að ráðuneyti sitt geri ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið heldur sé um verklag að ræða.

„Ég sé að ráðherrann [Eygló] hefur rétt við aðila vinnuarkáðarins um frumvarpið og það tók breytingum eftir það samtali en það stöðvar alla vinnu við kostnaðarmat. Það eru bara verklagsreglur að afturkalla frum-



**HÚSNÆÐISMÁL Í UPPNÁMI** Frumvörpin gætu verið innlegg í kjaraviðræður.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vörp sem taka breytingum,“ sagði Bjarni.

Eygló segir að eftir samtali við aðila vinnuarkáðarins hafi vaknað upp spurningar um breytingar á frumvarpinu.

„Ég hef sagt að aðgerðir til að stöðja uppbyggingu á virkum

leigumarkaði og fjölga þannig valkostum heimilanna gætu orðið til þess að greiða fyrir kjarasamningum. Þau mál hafa verið til skoðunar á samráðsvettvangi okkar og aðila vinnuarkáðarins um húsnæðismál. Ekki er hins vegar hægt að segja til um hvort breytingar verði gerðar á frumvarpinu en það mun skýrast á næstunni.“

Sex þingfundir eru á áætlun þingsins sem mun ljúka störfum 29. maí. Því er ljóst að Eygló hefur skammt tíma til að ná frumvörpum sínum í gegn um ríkisstjórn og þingið.

„Húsnæðisfrumvörpin fjögur eru hluti af mínum forgangsmálum á þessu þingi og vona ég því að þau muni fá umfjöllun á þinginu fyrir þinglok þótt þingfundadögum fækki stöðugt,“ sagði hún.

- stefanraf@frettabladid.is



**BJARNI BENEDIKTSSON**

**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

## Formaður SÍS hefur áhyggjur vegna tafa á frumvörpum um húsnæðismál: Ögurstund í húsnæðismálum

**STJÓRNMÁL** „Já, ég hef áhyggjur af þessu. Við vonuðumst til að síðasta ríkisstjórn myndi klára þetta en það gerðist ekki og núna hefur það algerlega sýnt sig að þetta virðist afar flókið í útfærslu,“ sagði Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, um töfina á húsnæðisfrumvörpum Eyglóar Harðardóttur. „Við höfum beðið lengi eftir frumvörpum um þessi mál og þetta er ákveðinn áfangi en okkur finnst að það mætti stíga stærri skref,“ sagði hann.

„Þetta er þarna í mati í fjármálaráðuneytinu en þetta þarf að fara að koma. Sveitarfélögin gera sitt í þessum málum og ríkið gerir



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**



**SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR**

sitt. Þetta er það sem ríkið þarf að gera.“

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, segir að frumvörp Eyglóar virðist ekki njóta stuðnings í ríkisstjórn.

„Það sem er í gangi er augljóst að það er ekki stuðningur við stefnu félagsmálaráðherra sem birtist í þessum frumvörpum hennar,“ sagði hún.

„Það er alvarlegt að þetta hefur dregist svona mikið, þetta hefði getað komið miklu fyrr fram,“ segir Sigríður, sem benti á að sambærileg stefna síðustu ríkisstjórnar hefði þegar legið fyrir í húsnæðismálum.

„Stefna núverandi stjórnvalda er skýr á meðan þau geta veitt tekjuhásta húsnæðiseigendum landsins rúman 51 milljarð í skuldandiur-fellingunni en gera svo ekkert fyrir leigjendum.“

- sfs

# Ársfundur LSR og LH

Ársfundur LSR og LH verður haldinn fimmtudaginn 21. maí kl. 15:00 í húsnæði LSR við Engjateig 11. Fundurinn er opin allum sjóðfélögum og launagreiðendum.

**Dagskrá:**

- Skýrslur stjórnar LSR og LH
- Ársreikningar 2014
- Fjárfestingarstefna
- Tryggingafræðilegar úttektir
- Skuldbindingar launagreiðenda
- Önnur mál

Lifeyrissjóður starfsmanna ríkisins


Engjateigi 11  
105 Reykjavík  
Sími: 510 6100  
lsr@lsr.is

[www.lsr.is](http://www.lsr.is)

### GOTT FÓLK EFTIR VAL GRETTISSON



## Í GUÐANNA BÆNUM LESIÐ ÞESSA BÓK!



„Firnasterk og krefjandi skáldsaga um efni sem kemur okkur öllum við og neyðir okkur til að taka afstöðu.“

FB, FRÉTTABLAÐIÐ 15. MAÍ



# Viltu meðhöndla liðverkinn án þess að taka töflur?



**150g**  
50% meira magni



## Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.

Berið u.þ.b. 2-4 g af Voltaren geli (samsvarar magni á stærð við kirsuber eða valhnetu) á aamt svæðið. Endurtakið 3-4 sinnum á dag, þangað til einkenni eru horfin.

**Voltaren gel er bæði verkjastillandi og bólgueyðandi.**

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða íslenska kvikmynd var frumsýnd í Cannes á föstudag?
2. Hvaða landsliðskona í fíbolta leikur með liði Selfoss í sumar?
3. Hvaða fyrirtæki sektaði Samkeppniseftirlitið um 650 milljónir á föstudag vegna ólögðs samráðs?

SVÖR:

1. Hrítar 2. Dagný Brynjarsdóttir 3. Byko

Tilnefningar til náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2015 kynntar:

## Orkuveita Reykjavíkur tilnefnd

**UMHVERFISMÁL** Orkuveita Reykjavíkur er meðal tilnefndra til náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2015. Þema verðlaunanna nú er losun gróðurhúsalofttegunda og munu verðlaunin falla í skaut þess fyrirtækis, samtaka eða einstaklings sem hefur sett fordæmi sem stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda til framtíðar á Norðurlöndum.

Í tilkynningu frá Orkuveitunni kemur fram að framlag fyrirtækisins í þessum efnum sé sá sparnaður í kolefnislosun sem fæst með

hitaveitum fyrirtækisins. Ef þeirra nyti ekki við myndi útblástur koltvísýrings á Íslandi nánast tvöfaldað ef kynt væri með olíu. Einnig hafi Orkuveitan leitt alþjóðlegt rannsókn- og þróunarverkefni CarbFix sem sýnt hefur fram á að mögulegt sé að binda koltvísýring varanlega í basaltbergi.

Auk Orkuveitunnar voru Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna hér á landi og umhverfisvefurinn natturan.is tilnefnd fyrir Íslands hönd. Fleiri en fjörutíu tilnefningar bárust dómnefnd.

- gló



**TILNEFND** Orkuveita Reykjavíkur er meðal þeirra fyrirtækja, samtaka og einstaklinga sem tilnefnd eru til náttúru- og umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2015.

FRÉTTABLAÐIÐ/

## Vildi fá lyfseðilsskyld lyf: Hótaði starfsfólki apóteks

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður gerði á laugardagskvöld tilraun til ráns í lyfjaverslun í austurborginni. Maðurinn vildi fá afgreidd lyfseðilsskyld lyf en þegar starfsmaður varð ekki við beiðni hans hótaði hann starfsfólki apóteksins.

Samkvæmt dagbók lögreglu sagði hann starfsfólkinu að afgreiða lyfin, þá myndi enginn meiðast. Kallað var til lögreglu sem hafði afskipti af manningunni.

- sks, vh

Matvælandið Ísland  
Útflutningur - til mikils að vinna

Ráðstefna á Hótel Sögu, salnum Kötlu á 2. hæð,  
fimmtudaginn 21. maí kl. 12:00-15:45

Skráning og nánari dagskrá á [www.si.is](http://www.si.is)



**CAN'T WALK AWAY** Oddvitar ríkisstjórnarinnar hafa ekki borið sig eftir samningum um þinglok.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Engar viðræður í gangi um þinglok

Rammaáætlun verður á dagskrá þingsins á morgun. Stjórnarandstaðan reiðubúin til að ræða það mál lengi enn. Engar viðræður hafnar um hvernig haga skuli þinglokum. Þingfrestun verður á föstudag í næstu viku samkvæmt áætlun.

**ALÞINGI** Stjórnarmeirihlutinn hefur ekkert rætt við stjórnarandstöðuna um hvernig starfi þingsins verður háttað, en samkvæmt starfsásætlun á að fresta þingi á föstudag í næstu viku, 29. maí. Heimildarmenn Fréttablaðsins lýsa stemningunni á Alþingi sem skítinni. Enginn viti í raun hvernig starfinu verður háttað, hvenær þinginu verði frestað eða hvað verði á dagskrá.

Það vekur athygli að stjórnarmeirihlutunum virðist ekki liggja á að semja um þinglok. Margir þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu, hafa bent á að ekki séu mörg stór

mál sem bíði afgreiðslu. Það þurfi því ekki að vera slæm staða fyrir stjórnina að þingið sé upptekið við að ræða rammann.

Stór frumvörp sem beðið hefur verið eftir hafa ekki enn litið dagsins ljós. Þar má nefna síðari húsnæðisfrumvörp Eyglóar Harðardóttur, en ekki síst frumvarp um stöðugleikaskatt sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hefur boðað að verði lagt fram fyrir þinglok.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsmálaráðherra, sagði í samtali við Fréttablaðið 21. apríl að það yrði handleggur að ljúka þingstörf-

um fyrir sumarið, en var þó bjartsýnn.

„Já, við höfum svo oft staðið frammi fyrir því að það séu allt að 100 mál óafgreidd þegar það er jafnvel vika, tíu dagar eftir af þingstörfum. Já, já, ég held er að við munum ljúka öllum okkar mikilvægustu málum.“

Ákveðið hefur verið að Alþingi komi saman 19. júní til að minnast þess að 100 ár eru liðin frá því að konur fengu kosningarétt. Einn möguleiki sem heimildarmenn blaðsins hafa nefnt er að þingi verði ekki frestað fyrir þann fund.

kolbeinn@frettabladid.is

www.volkswagen.is

Til hvers að flækja hlutina?

365

LIFÐU  
Í NÚLLINU!

365.is | Sími 1817



Vinsælasti atvinnubíll  
á Íslandi síðastliðin ár!



## Caddy með nýju sniði

Caddy City er enn einfaldari og hagkvæmari útfærsla af Volkswagen Caddy, sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélaga til að létta sér lífið við dagleg störf. City er viðbót í sendibílalínu Volkswagen Caddy.

Volkswagen Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu City er enn auðveldara að bætast í hóp hæstánægðra Volkswagen eigenda.

Caddy City kostar aðeins frá

2.630.000 kr.

(2.120.968 kr. án vsk)



Atvinnubílar

Söluáðilar: HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



**TOPPLYKLASETT 28 STK**

1/2" 8 - 32mm  
Skrall  
Framlengingar  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2801

**8.900** m/vsk

Fullt verð 11.512



**TILBOÐ**

**TOPPLYKLASETT 20 STK**

1/2" toppar  
Skrall 36 tanna  
Stærðir 8 - 32mm  
Flott sem áfylling í sett

vnr IBTGABB2001

**4.900** m/vsk

Fullt verð 8.500



**3.990** m/vsk

**5.900** m/vsk

**8.900** m/vsk



**16.900** m/vsk



**1.990** m/vsk



**1.990** m/vsk


**TOPPLYKLASETT 94 STK**

1/4" 4 - 14 mm  
1/2" 10 - 32 mm  
Bitar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**16.900** m/vsk

Fullt verð 21.256



**VERKFÆRASETT 130 STK**

1/4" - 3/8" - 1/2"  
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"  
Lyklar 8 - 22 mm  
E toppar, sexkantbitar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

**24.900** m/vsk

Fullt verð 35.732



**VERKFÆRASETT 96 STK**

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm  
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng  
Nippilyklar og fl.  
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

**21.900** m/vsk

Fullt verð 34.580




**TILBOÐ**

**VERKFÆRASETT 150 STK**

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm  
Fastir lyklar 6 - 24mm,  
Skrúfjárn, tangir, sexkantasett  
Slaghamar, krafttöng  
Nippilyklar og fl.  
vnr IBTGCAI150R

**39.900** m/vsk

Fullt verð 54.371



**VERKFÆRATASKA STÁL 94 STK**

Toppar 4 - 32 mm - Lyklar 6 - 24mm  
skröll, skrúfjárn og margt fleira

**39.900** m/vsk

Fullt verð 50.617



7 SKUFFUR

SÁ VINSÆLI ■■■■■■■■

283 verkfæri

177.750 m/vsk



**NÝ VERSLUN**  
Skútuvogi 1, Reykjavík

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur tekið afstöðu varðandi Kröflulínu 3 og setur Landsneti ákveðin skilyrði:

# Landsnet þarf að bera saman loftlínu og jarðstreng

**ORKUMÁL** Landsnet þarf að fjalla um samanburð loftlínu og jarðstrengs í matsáætlun vegna Kröflulínu 3.

Framkvæmdin felst í lagningu 220kV háspennulínu frá tengivirki við Kröflustöð að tengivirki við Fljótsdalsstöð. Skipulagsstofnun samþykkti matsáætlun Landsnets um línulögnina með 12 tölu-segðum athugasemdum árið 2013. Landsnet kærði þrjár athugasemdir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Athugasemdirnar sneru að þörf fyrir 220kV háspennulínu, valkost um jarðstrengi auk athugasemdar um aðra kosti.

Í úrskurði nefndarinnar kemur fram að Landsnet þurfi að fjalla um samanburð loftlínu og jarðstrengs en hins vegar er fallist á aðra þætti í kröfu Landsnets.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á norðausturluta landsins og er mikilvægur hlekkur í styrkingu byggðalínunnar sem er hryggjarstykkið í flutningskerfinu á landinu í heild.

Í tilkynningu sem Landsnet sendi frá sér um helgina kemur fram að Landsnet fagni niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar. Fyrirtækið telji að hún sé til þess fallin

að skýra þær kröfur sem gera verði til Skipulagsstofnunar og framkvæmdaradila við gerð mats á umhverfisáhrifum framkvæmda í flutningskerfi raforku. Úrskurðurinn taki hins vegar ekki til mats á umhverfisáhrifum framkvæmda sem þegar er lokið og hafi ekkert fordæmisgildi hvað slíkar framkvæmdir varðar.

Fyrir Alþingi liggur nú þingsályktunartillaga ráðherra um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.

- sa

**RAFLÍNUR** Landsnet þarf nú að skoða kosti þess að leggja Kröflulínu 3 sem jarðstreng.



## Stöndum saman!

### Kjósum um verkfall fyrir hádegi á morgun

Atkvæðagreiðslan er rafræn á Mínum síðum á vr.is og lýkur kl. 12:00 á hádegi þriðjudaginn 19. maí.

Við hvetjum alla VR félagi til að standa saman og taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Kröfur VR í eins árs samningi



Virðing  
Réttlæti

VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS



**ILLA Á SIG KOMIN** Flóttafólkið er illa á sig komið eftir dvölinu um borð. Margir þjást af næringarskortri. NORDICPHOTOS/GETTY

## Dóu um borð

Flóttamenn sem bjargað var í Indónesíu segja slagsmál hafa brotist út um borð í skipinu þar sem barist var um síðustu matarbitana sem eftir voru.

**INDÓNESÍA** Flóttamönnum sem bjargað var af sökkvandi skipi í Indónesíu, segja að um 100 manns hafi látið lífið um borð eftir að slagsmál brutust út vegna síðustu matarbitanna um borð.

Um 700 flóttamönnum frá Búrma og Banglades var bjargað úr bátnum á land á Súmötru, en fólkið hafði verið á sjó í um tvo mánuði. BBC-fréttastofan segir frá því að þrjú flóttamannanna hafi lýst hræðilegum aðstæðum um borð. Fólk var stungið, hengt eða því hent fyrir borð þegar bar-

ist var um það sem eftir var matar-kyns í skipinu.

Fólkið var illa á sig komið þegar því var bjargað.

Komið hefur fram að fólkið hafi reynt að komast til Malasíu en segir malasíska sjóherinn hafa hrakið það frá landi.

Flóttafólkið sem bjargað var er margt afar illa á sig komið og þjáist af næringarskortri og vökvatapi. Það hefst nú við í vöruhúsi í Kuala Langsa þangað til frekari ákvarðanir verða teknar um örlög þeirra.

- vh

## ÍSLENSKAN ER MÁLIÐ

Ársfundur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verður haldinn 20. maí 2015 á Hótel Sögu, Kötlusal, kl. 8.15–10. Á ársfundinum beinum við athygli að því mikla sköpunarstarfi sem fer fram í orðanefndum og hjá höfundum sérhæfðra orðasafna. Ný viðfangsefni kalla á nýjan orðaforða og á hverjum degi verða til ný orð sem fanga nýja hugsun og nýjar uppgötvanir. Á fundinum verður rætt um nauðsyn framsýnnar fjárfestingar í íslenski máltækni og um uppbyggingu rafræna innviða fyrir íslenska tungu. Íslenskan stendur frammi fyrir spennandi áskorunum í hinum stafræna heimi þar sem enskan hefur óneitanlega yfirburðastöðu. Smíða þarf traust þýðingától, máltól og talgervla sem hægt er að nota í stýrikerfum, í spjalddölvum og í snjallsímum. Sem betur fer er þetta allt hægt – en vilji er allt sem þarf.

Skráning á [www.arnastofnun.is](http://www.arnastofnun.is) fram að hádegi 19. maí 2015

**Þorsteinn Pálsson**, formaður stjórnar  
Ávarp

**Guðrún Nordal**, prófessor og forstöðumaður  
Starfsemi stofnunarinnar árið 2014

Íslenska verði nothæf og notuð á öllum sviðum

**Erna Magnúsdóttir**  
Íðorð í líftækni

**Guðrún Hannele Henttinen**  
Íðorð í hannyrðum

**Guðrún Kvaran**  
Íslensk málstefna og íslensk máltækni

**Ólafur Sólímenn**

Macintosh fagnar þér! Um stöðu íslensks máls í  
Mac Os X og iOS

**Sveinn í Felli**

Íslenskar þýðingar á frjálsum/opnum stýrikerfum

**Axelle Detaille og Hilmar Hilmarsson**

Hugbúnaðarþýðingar á íslensku

**Steinþór Steingrímsson**

Máltækni – hver er staðan?

**Illugi Gunnarsson** mennta- og

menningarmálaráðgjafi

Ávarp



Flogaveikur í vanda:

## Var bjargað af sundlaugarbotni

**SLYS** Karlmanni var bjargað af botni Laugardalslaugar síðdegis í gær. Hann var fluttur á slysa-deild með meðvitund en allt fór á besta veg samkvæmt dagbók lögreglu.

Maðurinn, sem er erlendur flogaveikur ferðamaður, vildi lítið gera úr veikindum sínum þegar lögreglumenn komu á slysa-deild til að athuga líðan hans og vildi helst komast út af sjúkrahúsinu.

- sks

Hundruð Norðmanna vilja opna heimili sín fyrir fólki sem er í neyð:

## Bjóða flóttamönnum húsaskjól

**NOREGUR** Hundruð Norðmanna segjast fús til að hýsa flóttamenn á heimilum sínum, að því er segir í frétt á vef Aftenposten. Haft er eftir einum þeirra, Gunnari Hunskaar, að hann hafi tekið ákvörðun um að bjóða flóttamenn velkomna á heimili sitt eftir að hann sá norskan sjónvarpsfréttamann segja grátandi frá hörmungum flóttamanna á Miðjarðarhafi. Hann kveðst vera að reyna að fá íbúð í kjallara húss síns samþykkt. Þegar samþykki sé fengið geti hann tekið á móti lítilli fjölskyldu, pari eða öðrum.

Viðbrögðin sem Hunskaar hefur fengið hafa þó ekki öll verið jákvæð. Hann segir marga hafa verið neikvæða. Hann hafi verið kallaður jólasveinn, sagður einfaldur og fengið að heyra að ekki sé hægt að hleypa ókunnugum inn í húsið.

Haft er eftir ráðuneytisstjóranum Kai-Morten Terning að það sé indælt að einstaklingar vilji hjálpa. Þeir þurfi hins vegar að hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag. Flóttamenn þurfi meira en húsnaði.

- ibs



**FLÓTTAMENN** Norðmenn vilja hjálpa þeim sem flýja heimkynni sín.

NORDICPHOTOS/AFP

Mun minna af kolmunna: Fiskaflí minni en í árið 2014

**SJÁVARÚTVEGUR** Afli íslenskra fiskiskipa var minni í apríl í ár en í sama mánuði árið 2014. Heildaraflinn nú í apríl var um 78 þúsund tonn, sem er 28 þúsund tonnum minna en í apríl í fyrra. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Mestu munar um að kolmunna-aflinn dróst saman um tæp 40 prósent og þorskaflinn um tæp 20 prósent. Á síðustu 12 mánuðum hefur aflinn minnkað um 2,4 prósent, metinn á föstu verðlagi. - kóp



**FLUGVALLARVINUR** Ingvar hefur verið fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í menningar- og ferðamálaráði borgarinnar.

Framsóknarfélag Reykjavíkur:

## Nýr formaður

**STJÓRN MÁL** Ingvar Jónsson var kjörinn formaður Framsóknarfélags Reykjavíkur á aðalfundi félagsins á miðvikudag. Ingvar er flugstjóri hjá Icelandair og er menntaður atvinnuflugmaður og flugkennari frá Flugskóla Íslands. Hann hefur verið fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina í menningar- og ferðamálaráði borgarinnar frá 2014 og er stjórnarformaður Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Ingvar er kvæntur Sigríði Nönnu Jónsdóttur flugfreyju og eiga þau fjögur börn.

- vh

Rannsóknir á hvöllum:

## Hvalaskoðun styrkir vísindi

**MENNTUN** Hvalaskoðunarfrýr-tækið Gentle Giants á Húsavík mun styrkja doktorsnema frá Kanada til vísindarannsókna á Skjálfaflóa. Charla Basran mun skrifa doktorsritgerð sína um sjávarspendýr sem flækjast í veiðarfærum íslenskra sjómanna við strendur landsins.

Charla er sérfræðingur í lífi og atferli hnúfubaka og hefur unnið hér við land sem leiðsögumaður á hvalaskoðunarskipum á Skjálfaflóa. Markmið rannsóknarinnar verður að reyna að finna leiðir til þess að draga úr því að sjávarspendýr við landið lenti í þessum aðstæðum.

- sa



**VIÐBÚNAÐUR** Lögregla vildi ekki gefa neinar frekari upplýsingar um mála-vöxtu þar sem málið er til rannsóknar.

Lögregluáðgerðir í Vesturbæ:

## Hluti af rannsókn stærra máls

**LÖGREGLUMÁL** Stór lögregluáðgerð var á horni Bræðraborgarstígs og Ásvallagötu um hádegi á fimmtudag. Komu þar fjórir lögreglubílar ásamt sérsveit sem var með búnað til að brjóta upp hurð. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var um að ræða húsleit sem var hluti af rannsókn stærra máls. Málið er hins vegar enn til rannsóknar og vill lögregla ekki gefa neinar frekari upplýsingar um málið að svo stöðu.

- vh



# Afmæli Bosch-búðarinnar



## Rýmingarsala

Rýmum fyrir nýjum vörum. Allt að 50% afsláttur af eldri heimilistækjum.



## Freistandi afmælistilboð

Hér fyrir neðan má sjá nokkur sýnishorn af freistandi afmælistilboðum.



Expressó-kaffivél,  
TCA 5309.  
**Afmælistilboð: 64.900 kr.**  
Fullt verð: 79.900 kr.



Spanhelluborð,  
PIE 615R14E.  
**Afmælistilboð: 69.900 kr.**  
Fullt verð: 99.900 kr.



Órbylgjuofn,  
HMT 75M421.  
**Afmælistilboð: 17.900 kr.**  
Fullt verð: 21.900 kr.

Þvottavél,  
WAQ 24461SN.  
**Afmælistilboð: 89.900 kr.**  
Fullt verð: 122.400 kr.



20% afsláttur af öllum veskjum.



20% afsláttur af Babell-kökudiskum.



20% afsláttur af Múmín-vörum.



Afmælistilboð á fjölda heimilistækja frá Bosch og glæsilegri gjafavöru.

Öll tilboð gilda til 23. maí eða á meðan birgðir endast.

Rýmum til fyrir nýjum vörum. Eldri heimilistæki á frábærum afslætti. Gerið góð kaup! Allt að **50% afsláttur**.

Þeir sem skrá sig á **póstlistann** okkar í versluninni eða á heimasíðu okkar, bosch.is, geta átt von á skemmtilegum vinningi.

**Verið velkomin og gerið góð kaup!**

# BOSCH

# BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090

www.bosch.is

Listin hreyfir við samfélaginu:

## Karlar spegla sig

Svisslendingur frá Seyðisfirði er búinn að gera allt vitlaust í Feyneyjum á Ítalíu. Christoph Büchel setti upp mosku í ónotaðri og afhelgaðri kaþólskri kirkju á Feneyjatvíæringnum, virtustu og eftirsóttustu myndlistarhátíð heims, og moskan er framlag Íslands í ár. Flestum er þetta kunnugt en þó er ágætt að hafa í huga að þetta er ekki í fyrsta sinn sem verk Christoph Büchel hrista upp í listheiminum og jafnvel heilu samfélagunum – langt frá því. Á meðal verka Büchel má nefna sviðsetningu á kynlífsklúbbi í Vín, sýning á eignum heimilislausra í New York og að breyta fínu galleríi í London í félagsmiðstöð. Allt eru þetta ágætis dæmi um vandlega úthugsuð, áleitin og ögrandi verk við ríkjandi vald, hugmyndir okkar og samfélag.



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Christoph Büchel virðist hafa tekist sérstaklega vel upp í Feyneyjum. Ekki einungis

afmarkaður heimur listarinnar heldur samfélagið allt tekur þátt í deilum og umræðum um stöðu verksins, orsakir og afleiðingar. Umræðan nær líka alla leiðina hingað heim og þá ekki aðeins til listheimsins heldur út á meðal almennings. Sitt sýnist hverjum en aðalatriðið er að við tökum umræðuna og berum vonandi gæfu til þess að sjá samhengið við okkar eigið litla samfélag.

Á sama tíma og svissneski Seyðisfirðingurinn er að hræra í samfélaginu í Feyneyjum eru listakonur frá New York að pota í okkur herna heima – sum okkar að minnsta kosti. Verk Guerilla Girls sem prýðir austurhlíð tollhússins í Reykjavík er beinskeytt og áleitnið verk. Listakonurnar frá New York hafa verið harðar í gagnrýni sinni á mjög svo skertan hlut og möguleika kvenna í listum og menningu síðustu þrjátíu árin. Á þessu er engin breyting hér. Eins og oft áður nýta þær sér tölulegar staðreyndir og að þessu sinni sýna þær fram á hversu mikið hallar á konur í íslenskri kvikmyndagerð. Sjón er sögu ríkari.

Ekki er þó hægt að segja að hinn karllægi heimur íslenskra kvikmynda bregðist við með þroskuðum hætti. Helst er að karlmenn í faginu leggi sig fram um að sýna með súlurítum að það sé í raun alls ekki svo slæmt að vera kvikmyndagerðarkona á Íslandi. En kvikmyndirnar tala sínu máli. Flestar leiknar bíómyndir á Íslandi eru skrifaðar af körlum, leikstýrt af körlum, karlleikarar eru í meirihluta og þar af leiðir að þær fjalla að mestu leyti um hlutskipti karla. Það sér hver heilvita manneskja vonandi að þetta er ekki gott – ekki síst í ljósi þess að um helmingur þjóðarinnar eru konur.

Verk Guerilla Girls og moska Büchel eru sett fram til þess að benda okkur á það sem við þurfum að takast á við og síðan stíga listamennirnir frá. Nú er það samfélagsins að taka við. Kvikmyndasamfélagið á Íslandi þarf að horfast í augu við að þetta er ekki nógu gott. Við eigum öll að geta speglað okkur í listinni – ekki aðeins karlar, heldur líka konur.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Pólítískt inngrip

Stjórnarliðar hafa verið ansi ólúndarlegir yfir hersetu stjórnarandstöðunnar á Alþingi í umræðum um rammaáætlun. Einn þeirra, Páll Jóhann Pálsson, skaut föstum skotum á minnihlutann með því að kalla óvænt inn liðsinni verkalyðshreyfingarinnar en hann vitnaði í ályktun miðstjórnar ASÍ um vinnubrögð síðustu ríkisstjórnar. „Því miður ákvað síðasta ríkisstjórn að rjúfa þá sátt sem verið hafði í undirbúningi rammaáætlunar og skapaði með því fordæmi fyrir pólitískum inngripum í faglegar tillögur verkefnisstjórnar,“ sagði þingmaðurinn sperrtur.



#### Pólítískt inngrip – seinni hluti

Verst er að þingmaðurinn sagði einungis hálfu söguna en nokkurra mínútna „gúgú!“ skilar manni ályktun miðstjórnar ASÍ. Þingmaðurinn sá ekki ástæðu til að vitna í seinni hluta ályktunarinnar: „Nú ætla núverandi ríkisstjórn að nýta þetta fordæmi og sveigja rammaáætlunina að sínum geðþótta. Þetta er óviðunandi og því hvetur miðstjórn ASÍ til þess að stjórnarmálemenn staldri við og freisti þess að ná breiðri sátt um skipan þessara mála í stað þess að skylmast með þessum hætti.“



#### Píratar allra flokka sameinist

Líkt og alþjóð veit hafa Píratar farið með himinskautum í skoðanakönnunum upp á síðkastið. Gallup gaf á dögunum út fylgiskönnun sem sýndi að Píratar væru að sækja til sín fylgi frá öllum flokkum. Þetta þýðir að Píratar höfðu til breiðs hóps kjósenda allt frá Sjálfstæðisflokki til Vinstri grænna. Fróðlegt verður að sjá hvernig Píratar munu koma til móts við svo breiðan hóp kjósenda með jafn ólíkar hugmyndir. Ljóst er að ærið verk er fyrir höndum hjá Pírötum sem hafa hugsanlega rænt skrautfjórð breiðfylkingar frá Sjálfstæðisflokknum og Samfylkingu.

-stefanrafn@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stad2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Heilsuvisir

## NÆRANDI ÞÆTTIR

Á NÝJU VEFSVÆÐI VÍSIS

Fylgstu með þessum fróðlegu orþáttum á [visir.is/heilsuvisir](http://visir.is/heilsuvisir).

Vísir.is er hluti af 365

vísir



## Tökum stolt úr jöfnunni

### SAMFÉLAG



Bergur Ebbs  
lögfræðingur

Það getur verið erfitt að ráða við sært stolt. Það er til dæmis landlægt vandamál hvað eigi að gera við fyrrverandi stjórnarmálemenn. Þeir sem deildu og drottneuðu geta ekki bara hangið í heitum pottum allan daginn. Það þarf að koma þeim fyrir, setja þá í sendiherrastöður eða að minnsta kosti einhverja puntstjórnunarstöðu.

Það á ekki að vera launungarmál að sært stolt hindrar baráttu fyrir kvenréttindum. Viðurkennum bara staðreyndirnar. Karlmennt réðu öllu – í stjórnámálum, viðskiptum, hernaði, listum – og þeim tíma er sem betur fer að ljúka og það er engin ástæða fyrir því að jafnrétti skuli ekki náð hratt og örugglega. Það eina sem stendur í vegi er þetta fjárans stolt sem allir þurfa að labba á eggjaskurn í kringum. Þurfum við 300 ára buffer-tímabil þar sem karlkynið (eða sá helmingur sem víkur fyrir konunum) er uppðubbað í sendiherrastöður til að halda stoltinu?

Stolt er ein af dauðasýndunum sjö í kristinni trú – og það er engin tilviljun eða mannvonska sem liggur að baki þeirra þúsunda ára gömlu speki. Raunar er stoltið yfirleitt talið rót allra annarra synda og ónota – undirstaða græðgi, drambs og öfundar og að lokum ástæða styrjalda, döruggis og sundurlyndis. Um þetta hafa verið skrifuð nokkur bókasöfn af djúpum teólóg-

→ Ég segi. Tökum stolt alveg úr jöfnunni. Hættum að taka tillit til særðs stols karla. Það þýðir líka að kvenréttindabaráttu á ekki heldur að snúast um að karlmenn eigi að vera stoltir af konum. Síðast þegar ég skrifaði um jafnréttismál eyddi ég miklu púðri í að tala um hvað ég væri stoltur af konum. En nú sé ég að stolt mitt er bara til trafala.

Ískum texta og óþarfi að ræða það neitt frekar á hversdagslegan hátt.

Ég segi. Tökum stolt alveg úr jöfnunni. Hættum að taka tillit til særðs stols karla. Það þýðir líka að kvenréttindabaráttu á ekki heldur að snúast um að karlmenn eigi að vera stoltir af konum. Síðast þegar ég skrifaði um jafnréttismál eyddi ég miklu púðri í að tala um hvað ég væri stoltur af konum. En nú sé ég að mitt stolt er bara til trafala. Það þarf enginn að halda stolti eða færa stoltið yfir á eitthvað annað. Stolt er bara fyrir í þessu samhengi. Ef við höldum þessu stolt-rugli áfram þá verður jafnrétti náð eftir 300 ár. Við höfum margt þarfara við tímann að gera.

# Trúin á tímum hnattvæðingarinnar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Erfitt er að gera sér í hugarlund öllu tilgangslausara deiluefni en Guð; það er eins og að ætla sér að grípa vindinn og sýna í eitt skipti fyrir öll: sko, sjáðu, svona lítur hann út. Eðli málsins samkvæmt er sannleikurinn um Guð ekki háður sérleyfum. Alheimssálin – hinn mikli eilífi andi – lífsaflið – frumorsökin: uppruni, eðli og tilgangur lífsins á jörðinni – allt er þetta sveipað dul og mennirnir nota ótal ólíkar aðferðir við að tengjast þessum leyndardómi: táknsögur, bænahald, tilbeiðslusíði, hugljómum – já og list. Öll slík viðleitni, hverju nafni sem hún nefnist, er virðingar verð svo fremi hún misbjóði ekki öðrum. Trúariðkun er í eðli sínu innhverf og hljóðlát, einkaleg reynsla, hvað sem líður öllum þeim óskiljanlega hávaða út af trúmálum sem dynur á okkur dægri löng. Og er rífrildi þar sem aldrei fæst niðurstaða.

## Fjölgyðistrú á okkar dögum

Trúnni verður ekki úthýst úr mannlegu samfélagi; því sannfærðari sem ráðamenn í andlegum og veraldlegum efnum verða um að nú sé hún liðin undir lok, þeim mun margefldari snýr hún jafnan aftur – og aftur og aftur. Hnattvæðingunni fylgir meira nábyli hugmynda en áður þekktist í mannlegri tilveru, jafnvel núningur, og ólíkar aðferðir tíðkast hlið við hlið við að ákalla æðri mátt. Internetið verður varla lagt niður alveg í bráð og straumur hugmynda og fólks liggur í allar áttir, fram og til baka, eins og vera ber. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni okkar daga er að finna leiðir til að þetta nána sambýli geti gengið; fá einn hóp til að viðurkenna tilveru rétt annars – leiða saman í stað þess

að stífa í sundur, virða í stað þess að sýna óvirðingu, iðka samtal. Það er ekki hægt að vera andvígur fjölmenningu nú á dögum. Sambýli ólíkra hópa er staðreynd. Vert er að muna að þetta er ekki nýtt sambýli: á miðöldum bjuggu saman í heimsborgum á borð við Miklagarð (Konstantínópel) ótal ólíkar þjóðir með ólík trúarbrögð og nærðust af því sambýli. Og Íslendingar mættu á svæðið; þar á meðal Þorsteinn drómundur, bróðir Grettis Ásmundarsonar, sem söng sig inn í hjarta hefðarkonu og út úr fangelsi eftir að hafa hefnt bróður síns. Listamaður og gæfumaður.

Þó að islam, gyðingdómur og kristni séu allt mismunandi útgáfur af eingyðistrúarbrögðum má eiginlega segja að nútímasamfélag einkennist af nokkurs konar fjölgyðistrú, eins og tíðkaðist til forna hjá norrænum mönnum, sem kusu sér til áheita ýmist Freyju eða Óðin, Þór eða Njörð, og má ímynda sér að grunnt hafi oft verið á því góða þarna á milli. Þannig er þessu háttáð nú á dögum: við veljum okkur afbrigði af kristnum sið – eða heiðnum – erum búddistar, taóistar, múslimar og guð má vita hvað, eða blöndum jafnvel saman alls konar ólíku goðmagni sem við þykjumst skynja. Fyrir utan hið fræga „eitthvað“ sem Íslendingar segja alltaf að „sé þarna“.

Bókstafstrú er eitthvert ömurlegasta og furðulegasta ból mannkynsins á okkar dögum þegar mannkynið ætti með réttu að njóta góðs af þeirri þekkingu sem það hefur aflað sér á lögmálum lífs og náttúru; þekkingin ætti að vera móðir viðsýnnar og umburðarlyndisins (sem er dyggð, hvað sem hver segir) en samt er það svo, í byrjun 20. aldar að trúarbragðadeilur og jafnvel styrjaldir geisa og fátt sem virðist geta valdið jafn miklum deilum. Bókstafstrú er andstæða sannrar trúar; hún er hæfileikaleysið til að skynja og skilja sjálfa líkinguna í trúartáknmálinu. Allt

er tekið á orðinu og annaðhvort trúað bókstaflega eða afsannað bókstaflega.

## Hinn verðugi fulltrúi

Inn í þetta samhengi kemur framlag Íslands í Feneyjatvíæringsins í ár, innsetning svissneska listamannsins Christoph Büchel (hann er raunar líka virkur þátttakandi í blómlegu listalífi Seyðisfjarðar). Hann hefur komið mosku fyrir í afhelgaðri kirkju, og vekur margs konar kenndir að sögn, lotningu og hrifningu, jafnt sem ótta og andstöðu. Christoph veður ótrauður beint inn á viðkvæmt svæði í evrópskri umræðu og hugmyndalífi – beint inn í mesta æsinginn. Til að ögra? Já já. Vekja athygli? Já já. Það er nú einu sinni eitt hlutverk listamanna að gera það. Snýst þetta um aflagða kristni og vaknandi islam? Ekki endilega – kannski allt eins hitt: að knýja áhorfandann til að horfa á og hugleiða og upplifa þetta svið mannlegrar tilveru;

trúræknina; draga fram hugrenningar um helgi og afhelgun, hús Guðs og hús mannsins, ólíkar birtingarmyndir guðdómsins og líkar, ólíkar leiðir við tilbeiðsluna – og líkar. Og leiða fram það sem sameinar ekki síður en hitt sem sundrar; efla skilning, samkennd og vinarþel, draga úr fordómum, skapa fegurð og friðsæld úr ólgu og æsingi.

Sem sé: Svissneskur fulltrúi Íslands á Ítalíu að skapa list sem á sér uppruna í arabískri trúariðkun. Öllu fjölþjóðlegra verður það nú naumast. Þetta gerir list: hún skekkir og ýkir; hún ýtir hlutum út úr gefnu samhengi sínu og setur í nýtt, sýnir þá staka á sínum stalli þar sem þeir geta ljómáð. Er Christoph Büchel verðugur fulltrúi Íslands? Já já. Er hann íslenskur listamaður? Ég hef ekki hugmynd um það, veit eiginlega ekki hvað þarf að uppfylla til að svo sé. Er enginn íslenskur listamaður verðugur fulltrúi Íslands, eins og Guddur

Trúnni verður ekki úthýst úr mannlegu samfélagi; því sannfærðari sem ráðamenn í andlegum og veraldlegum efnum verða um að nú sé hún liðin undir lok, þeim mun margefldari snýr hún jafnan aftur – og aftur og aftur.

þrumaði úr stólum í Djöflaeyjinni um daginn? Auðvitað ekki. Það verður seint sagt að þessi mikli áhrifamaður í myndlistarheiminum hafi hagað máli sínu í anda þess verks sem hann vildi verja; skilnings og samtals. Hann stóð þarna í púlti sínu og úthúðaði, skammaðist og reifst, og má þar með segja að Guddur hafi, hvað sem öðru líður, komið þarna fram sem verðugur fulltrúi íslenskrar umræðuhefðar og þar með Íslands.

## Hvernig verður þitt fyrirtæki til fyrirmyndar?

VR efnir til morgunverðarfundar um könnunina á Fyrirtæki ársins, **þriðjudaginn 19. maí kl. 8:30-10:30 á Grand Hótel Reykjavík**. Hvernig ná fyrirtæki góðum árangri? Hvað þarf til að viðhalda honum? Hvernig verða fyrirmyndarfyrirtæki til?

### Dagskrá

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR

**Af hverju að velja Fyrirtæki ársins?**

Elín Gränz, framkvæmdastjóri mannauðs- og þjónustusviðs Opinna kerfa  
**Hvernig á að nýta niðurstöðurnar og ná góðum árangri?**

Tómas Bjarnason, sviðsstjóri starfsmannarannsóknna hjá Gallup  
**Könnun á Fyrirtæki ársins**

Pétur Þór Halldórsson, forstjóri S4S

**Hvað þarf til að viðhalda góðum árangri?**

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við viðskiptafræðideild HÍ  
**Fundarstjóri – samantekt og umræður**

Morgunverðarhlaðborð frá kl. 8:00

**Fundurinn er öllum opin og ókeypis. Skráning á vr.is.**



## AF NETINU

### Vandræði löggunnar



Ítrekað valda lögreglumenn vandræðum í samskiptum við borgarana. Mikilvægt er, að vitni taki þessi samskipti upp á snjallsíma. Reynslan um allan heim segir okkur, að löggur ljúga áreynslulaust um flest, séu sönnunargögnin ekki til. Í Bandaríkjunum hefur löggan lent í margvíslegum ógöngum út af myndskreiðum, sem sýna fíflagang og fruntaskap

hennar. Óeirðir á almannafæri eru meira eða minna að frumkvæði löggunnar. Hún dulþýr sig jafnvel sem óróaseggi til að koma óorði á mótmælendum. Þannig reyndist það líka vera hér við Kárahnjúka. Fráleitt er að afhenda ómálga fábjanum löggunnar byssur til að magna óskunda, sem þeir valda.

[www.jonas.is](http://www.jonas.is)

Jónas Kristjánsson

### Frelsi til haturs



Auðvitað getum við sem samfélag ekki stjórnað skoðunum fólks enda hafa rannsóknir í félagssálfræði sýnt að þær stjórnað gjarnan af tilfinningum sem ekkert samfélag á að geta stjórnað. En þurfum við samt ekki sem samfélag að geta haft hemil á hatursfullri orðræðu sem slíkir fordómar bera vott um?

[www.stundin.is](http://www.stundin.is)

Ása Lind Finnbogadóttir

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing  
Réttlæti

VR

## Skagfirskur sveitabiti

Mýksti brauðosturinn á markaðnum í dag. Fáanlegur 26% og 17%.



# Kallað eftir skjölum kvenna

Nú í ár fagna landsmenn 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og er við þessi tímamót rétt að staldra við og velta fyrir sér hvernig saga kvenna hefur varðveist fram á okkar daga. Í skjalasöfnunum landsins er það áberandi hve mikið hallar á konur. Á fyrri hluta 20. aldar virðist viðhorf til einkaskjala og handrita kvenna oftar en ekki hafa verið það að þau skiptu litlu máli. Sem dæmi má nefna að árið 1950 færði Menningar- og minningarsjóður kvenna Landsbókasafni Íslands að gjöf ræður og ritgerðarbröt Laufeyjar Valdimarsdóttur. Komu gögnin í leður-tösku merktri með fangamarki Laufeyjar. Gögnin voru á sínum tíma ekki skráð á hefðbundinn máta, heldur voru þau flokkuð sem B-handrit. Þar með takmarkaðist aðgengi að efninu því ekki var hægt að finna þau í útgefnum handritaskráum. Um var að ræða táknræna, formlega gjöf sem átti að stuðla að því að minningu Laufeyjar yrði haldið á lofti, en örlog skjalatöskunnar áttu eftir að verða þau að næstu áratugina lá hún ósnert og illa skráð í geymslum safnsins.

## Ekki taldar upp meðal bréfitara

Í handritaskráum Landsbókasafns, sem teknar voru saman á árunum 1918-1996 er þáttur kvenna oft að engu hafður, einkum í fyrstu bindum skrána. Oft eru konur ekki taldar upp meðal bréfitara í bréfasöfnum, jafnvel þó að þar séu tugir bréfa frá konum, heldur var látið nægja að telja upp „helstu bréfitara“, sem oftar en ekki eru karlar sem gegndu embættisstörfum. Þá hafa bréfasöfn og einkaskjalasöfn hjóna oftar en ekki

## MENNING



**Halldóra Kristinsdóttir**  
sérfræðingur á handritasafni Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns



**Sigríður Hjördis Jörundsóttir**  
sérfræðingur á handritasafni Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns

→ **Eru skjöl kvenna síður þess virði að þau séu varðveitt? Er sagan sem í þeim er fölginn ómerkilegri en sagan sem felst í gögnum karla? Er þetta hlédrægni kvenna um að kenna?**

hlédrægni kvenna um að kenna? Meta konur sín eigin skrif minna en karlar? Líta afkomendur svo á að gögn kvenna séu minna virði en gögn karla?

Skjöl kvenna eru ekkert síður mikilvæg en skjöl karla því oft og tíðum varpa þau nýrri og áhugaverðri sýn á fortíðina. T.a.m. má nefna dagbækur verkakonnunar Elku Björnsdóttur, frá fyrri hluta 20. aldar, sem varpa ljósi á samfélagið í Reykjavík á miklum umbreytingatímum en einnig veita þær innsýn inn í líf kvenna á þessum tíma.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn landsins efna nú til þjóðarátaks um söfnun á skjölum kvenna. Vilja stofnanirnar nýta þetta afmælisár kosningaréttar kvenna til að hvetja landsmenn til að koma skjölum kvenna í öruggt skjól á safni. Gögn sem virðast ef til vill lítills virði geta reynst afar mikilvæg þegar fram líða stundir.

verið kennd við karlmanninn og þess getið að gögn „konu hans“ séu þar með, en konan ekki nefnd á nafn þó að einstaka sinnum sé nafn konunnar sett innan sviga.

Staðreyndin er sú að gögn kvenna skila sér mun síður á skjalasöfn en gögn karla en fátt bendir þó til þess að konur hafi ekki skilið eftir sig skjöl, staðið í bréfaskiptum og haldið dagbækur rétt eins og karlar. Því má spyrja sig hvers vegna þessi gögn skila sér síður inn á söfnin. Eru skjöl kvenna síður þess virði að þau séu varðveitt? Er sagan sem í þeim er fölginn ómerkilegri en sagan sem felst í gögnum karla? Er þetta

# Umhverfissvænn sólarkísill

Til að beisla sólarkísil til framleiðslu rafmagns þarf hreinsaðan kísil, svokallaðan sólarkísil. Silicor Materials vinnur nú að því að reisa á Grundartanga í Hvalfirði verksmiðju þar sem hreinsa á kísil til notkunar í sólarrafhlöð. Starfsemi verksmiðjunnar mun byggja á nýrri tækni, sem hefur verið í þróun undanfarnar áratug, sem mun tryggja umhverfissvænni, einfaldari og ódýrari framleiðslu auk þess að útheimta aðeins þriðjung þeirrar orku en sú tækni sem hreinsun kísils hefur byggt á hingað til.

## Hvernig er framleiðsluferlið?

Til þess að hreinsa kísil, hitum við hráefnin, kísil og ál, þar til þau bráðna og látum þau síðan kólna þar til kísillinn kristallast. Þetta ferli er endurtekið nokkrum sinnum, og í hvert skipti hreinsast kísillinn betur. Síðan notum við gler til að fjarlægja málmleifar (snefilefni í kísilnum) og náum þannig að framleiða efni sem hentar þörfum sólarorkuiðnaðarinnar. Vegna þess að menn hafa haft áhyggjur af flúor sem notaður var í litlu magni í glerinu í vinnslunni, höfum við hannað framleiðsluferli sem gerir okkur kleift að útiloka flúor alveg frá ferlinu þar sem glerið er notað.

## Hvað gerir ferlið umhverfissvænt?

Árleg framleiðsla verksmiðju Silicor mun nægja til framleiðslu sólarkísils sem geta séð um 800 þúsund heimilum fyrir raforku. Þannig verður hægt að framleiða umtalsvert meiri raforku með framleiðslu Silicor en verksmiðjan þarf til framleiðslu sinnar. Með öðrum orðum mun notkun íslenskrar orku hafa í för með sér gríð-

## ÍÐNAÐUR



**Alain Turenne**  
yfirmaður tæknimála hjá Silicor Materials



**Dr. Matthias Heuer**  
forstjóri rannsóknarmiðstöðvar Silicor í Berlín Þýskalandi

→ **Styrkur fyrirhugaðrar verksmiðju Silicor á Grundartanga liggur í hinni nýju tækni sem hlífir umhverfinu og er ekki í andstöðu við lífríki og náttúru.**

sem þýðir að verksmiðjan mun hafa eitt minnsta kolefnisspor sem um getur í heiminum hjá verksmiðjum sem hreinsa kísil.

## - Framleiðsluvörur okkar:

- Engar eittraðar aukaafurðir eru framleiddar í ferlinu. Framleiðsluferlið gefur af sér tvær öruggar aukaafurðir: álblöndur sem notaðar eru í bíla- og flugvélaíðnaðinum og álklóríð (PAC) sem er notað við hreinsun vatns.

- Framleiðsluferlið sem Silicor hefur þróað hefur enga flúorlosun í för með sér.

- Verksmiðja okkar á Íslandi mun losa álíka mikið af gróðurhúsalofttegundinni koltvísýringi og meðalstórt kúabú á Íslandi.

Styrkur fyrirhugaðrar verksmiðju Silicor á Grundartanga liggur í hinni nýju tækni sem hlífir umhverfinu og er ekki í andstöðu við lífríki og náttúru. Markmið Silicor er að framleiðsluferillinn falli vel að ríkum áherslum Íslendinga um hreint land og nauðsynlega náttúruvernd.

# HLAUPTU AF STAÐ INN Í SUMARIÐ!

Glæsilegt úrval af hlaupafatnaði og hlaupaskóm á frábæru verði



**10.490**  
UNDER ARMOUR FLY BY TIGHT  
Flottar compression buxur með neti aftan á hjám. Litur: Svartar. Dömustærðir.



**1.890**  
PROTOUCH  
Hlaupahúfa.



**2.490**  
PROTOUCH  
Hlaupahanskar.



**5.990**  
PROTOUCH VATSKEBALTE  
Hlaupabelti með 4 brúsum.



**29.990**  
ASICS NIMBUS 17  
Hlaupaskór með hlutlausri styrkingu. Litur: Hvítir m/ bleiku, hvítir m/ svörtu. Dömu- og herrastærðir.



**14.990**  
ASICS GEL GALAXY  
Góðir hlaupaskór. Dömu- og herrastærðir.

ALLT FYRIR SPORTIÐ!

Ný sending af ASICS hlaupaskóm

INTERSPORT AKUREYRI / Sími 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / Sími 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.

INTERSPORT SELFOSI / Sími 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

**SPORT TO THE PEOPLE**

**INTERSPORT®**

# Yfirvofandi dauði íslenskunnar

Þann 14. apríl 2015 birtist í Fréttablaðinu lítil grein eftir Lindu Björk Markúsardóttur, talmeina- og íslenskufræðing, þar sem hún lýsir yfir áhyggjum sínum af yfirvofandi dauða íslenskunnar. Hún skrifar um skjólstæðinga sína, börn, sem eiga ekki orð á eigin tungumáli yfir hluti sem þeim eru sýndir á mynd þótt þau þekki þá, notagildi þeirra og enskt heiti.



Bergur Þór Ingólfsson  
leikstjóri

tilfellum og það er ein forsenda þess að við erum fyrst núna að stíga inn á stig tvö í útrýmingarskala tungumála. Það getur verið að það sé orðið of seint að gera skurk í því að þýða leiki yfir á íslensku á skapandi og skemmtilegan hátt fyrir þá krakka sem nú sitja við tölvurnar en eitthvað þarf að gera fyrir komandi kynslóðir. Textun á kvikmyndum er líka mikilvæg nú þegar myndveitur eins og Netflix eru að opnast.

En það er ekki nóg að heyra bara íslensku eða lesa. Við verðum að

geta speglað okkur og fundið til samfélunnar í því efni sem við horfum og hlustum á – njótum. Þess vegna eru íslenskar kvikmyndir, sjónvarpsþættir, leikhús, óperur, bækur, blöð og tölvuleikir ekki einungis nauðsynlegar fyrir tunguna heldur líka sálarlíf okkar. Við verðum að tilheyra einhverju sem við berum kennsl á, að öðrum kosti verður líf okkar aumt og tengslalaust.

Ofurhetjur eru efni margra tölvuleikja og kvikmynda. Sumar þeirra eiga íslenskan uppruna. Bandarískur framburður á Þór, Loka og Óðni er skemmtilegur en það er þó missir að þeim íslenska, sérstaklega á

Íslandi. Hús íslenskra fræða hefur verið mikið í umræðunni að undanfögnu. Sú hola kemur fyrir sjónir eins og tákni um algjört menningarlegt metnaðarleysi. Þá er ekki aðeins átt við rannsóknirnar og fræðistörfin heldur líka að ein mestu jarðnesku (og andlegu) verðmæti þjóðarinnar; handritin, eiga hér engan sérstakan virðingarsess og aðstæður við varðveislu þeirra tæplega öruggar á nútíma mælikvarða. Ber það ekki líka lélegu viðskiptaviti vitni að Móna Lísa Íslands skuli ekki vera sýnileg þeim ferðamönnum sem fylla hér öll hótél?

Ef okkur á annað borð þykir vænt

→ Í þessu tilfelli er útdauði valkostur, að tala eða ekki tala íslensku er einfaldlega ákvörðun sem verður að taka áður en það verður of seint.

um að geta hugsað og tjáð okkur á móðurmálinu þá ættum við ekki að hunska viðvörunarbjöllur Lindu Bjarkar. Í þessu tilfelli er útdauði valkostur, að tala eða ekki tala íslensku er einfaldlega ákvörðun sem verður að taka áður en það verður of seint.

UNESCO skiptir tungumálum í fimm flokka eftir líkum á útrýmingu: 1) „öruggt“, 2) „viðkvæmt“ (ekki talað af börnum heima fyrir), 3) „örugglega í útrýmingarhættu“ (ekki talað af börnum), 4) „í verulegri útrýmingarhættu“ (aðeins talað af eldri kynslóðum) og 5) „í mikilli útrýmingarhættu“ (talað af nokkrum úr eldri kynslóðum, oftast ekki reiprennandi). Það má því álykta af reynslu Lindu að íslenskan gæti verið á mörkum þess að vera „viðkvæmt“ á útrýmingarskalanum þar sem hluti barna héraendis notar útlensku sín á milli í leik og tjáningu.

Við skulum gera ráð fyrir því að íslenskan sé jákvæð og verðmæt. Að í henni sé þekking, reynsla, sköpunarkraftur og sameiningarmáttur. Hún geri okkur kleift að komast í nánara samband við okkur sjálf, hvert annað, náttúruna og vísindin. Saga þjóðarinnar og upplifun liggur á tungunni. Orðin „boðaföll“, „athyglisgáfa“, „berjalyng“ og jafnvel sögnin „að nenna“ gefa aðra tilfinningu þegar Íslendingur hugsar þau á íslensku heldur en á öðru tungumáli.

Að því gefnu að við viljum halda áfram að tala og hugsa á móðurmálinu og ef börnin sem Linda Björk lýsir í grein sinni eru í meiri og betri tengslum við ensk orð tölvuleikja, kvikmynda og tónlistar en íslenska þýðingu þeirra – hvað er þá til ráða?

## Málið er pólitískt

Fyrir það fyrsta má alls ekki setja þann merkimiða á börnin að þau séu vandamál. Þetta eru greinilega útsjónarsöm og gáfuð börn sem geta leitað sér fanga á internetinu og aðlagast á auðveldan hátt. Læra meira að segja erlent tungumál án leiðbeiningar fullorðinna. Forðumst allt þjóðernisofbeldi og setjum ábyrgðina þangað sem hún á heima. Málið er pólitískt. Þótt foreldrar geti lesið meira fyrir börn sín og kennarar hafi það í valdi sínu að gera námið meira spennandi þá er það í raun pólitísk ákvörðun hvort íslenskan sé eitt þeirra 2.400 tungumála sem koma til með að deyjast út á hálfsmánadar fresti næstu hundrað árin samkvæmt útreikningum ónefndra málvísindamanna.

Inn- og útflutningur menningar er raunverulegur, þar er enginn óvinur, heldur aðeins raunverulegur áhugi á eðlilegum samskiptum. Íslenskan getur orðið undir vegna þess hve fáir tala hana en hún lifir ennþá meðan hún er frjó í hugsun. Hvernig helst hún frjó og hvernig helst hún við?

Það eru ekki nema um það bil tuttugu og fjögur ár síðan Fuglastríð í Lumbruskógi (1991) kom út á íslensku og markar það ákveðið upphaf á talsetningu teiknimynda hér á landi vegna þess hve vel til tókst, en áður hafði verið lesið inn efni fyrir sjónvarp. Í kjölfarið fylgdu svo stórar Disney-myndir eins og Aladdín (1992) og Konungur ljónanna (1994). Margar af þeim myndum sem við þekkjum eru mikil listaverk í þýðingu og túlkun íslenskra leikara, þýðenda og upptökustjóra. Við höfum líka notið ákveðinnar sérstöðu varðandi þýðingar. Á flestum öðrum tungumálum heitir Bósi Ljósár Buzz Lightyear. Af því að enskan er aðgengileg og auðveld íslenskum börnum þarf samanburðurinn á talsetningunni að vera íslenskunni í hag til að einhver nenni að horfa á þær. Þær verða að vera sjálfsagðari, skemmtilegri og jafnvel vandaðri en upprunalega útgáfan.

## Viðvörunarbjöllur

Þetta hefur tekist í mjög mörgum

## PANTAÐU BIÐPÓST FYRIR SUMARFRÍÐ!

Með biðpósti sleppurðu við að pósturinn hlaðist upp heima hjá þér meðan þú ert í fríi.

Pantaðu biðpóst á [www.postur.is](http://www.postur.is) eða á næsta pósthúsi og þú velur hvar pósturinn þinn bíður eftir þér.

**VIÐ KOMUM ÞVÍ TIL SKILA**

[www.postur.is](http://www.postur.is)

## MERKISATBURÐIR

- 1889** Rithöfundurinn Gunnar Gunnarsson fæðist.
- 1897** Stokkseyrarhreppi er skipt í Stokkseyrarhrepp og Eyrarbakkahepp.
- 1920** Jóhannes Páll 2., páfi fæðist.
- 1920** Sambandslögin frá 1918 eru staðfest með breytingum á stjórnarskrá.
- 1978** Selfoss fær kaupstaðarréttindi.
- 1980** Eldfjallið Sankti Helena gýs í Washingtonfylki. 57 létust og tjónið var metið á þrjá milljarða dollara.
- 1989** Verkfalli Bandalags háskólamanna lýkur en það stóð í tæpar sex vikur og olli mikilli röskun á skólasterfi og fleiru.
- 2006** Silvía Nótt syngur fyrir hönd Íslands í forkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.

+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SVAVA JÓNSDÓTTIR**  
frá Gunnlaugsstöðum, Stafholtstungum,

lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð, þann 13. maí síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 22. maí kl. 13.00.

|  |   |
|--|---|
| <p><b>Skúli Guðmundsson</b><br/><b>Sonja Guðmundsdóttir</b><br/><b>Lilja Guðmundsdóttir</b><br/>barnabörn og langömmubörn.</p> | <p><b>Jóhanna S. Guðbjörnsdóttir</b><br/><b>Jón Hjaltalín Guðmundsson</b><br/><b>Reynir Kristinsson</b></p> |
|--|---|



+

Elskuleg systir mín, mágkona og föðursystir,

**MARGRÉT RÚN SIGURMUNDSDÓTTIR**  
Flótagötu 60, Reykjavík,

sem lést 4. maí síðastliðinn verður jarðsungen frá Háteigskirkju þriðjudaginn 19. maí kl. 15.

Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Karitas, hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu, en Margrét var þeim afar þakklát.

|  |  |
|--|--|
| <p><b>Úlfur Sigurmundsson</b><br/><b>Halla Steingrimsdóttir</b><br/><b>Þóra Sæunn Úlfisdóttir</b><br/><b>Gunnar Freyr Stefánsson</b><br/><b>Gisli Stefánsson</b><br/>og fjölskyldur.</p> | <p><b>Sigríður Pétursdóttir</b><br/><b>Einar Úlfsson</b><br/><b>Stefán Gisli Stefánsson</b><br/><b>Kristjana Stefánsdóttir</b></p> |
|--|--|



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNPÓR BENDER**  
Lautasmára 20, Kópavogi,

sem lést 4. maí síðastliðinn, verður jarðsungen frá Digranesarkirkju þriðjudaginn 19. maí kl. 13.00

|  |  |
|--|--|
| <p><b>Soffía Hrafnhildur Jónsdóttir</b><br/><b>Guðleif Bender</b><br/><b>Guðrún Dóra Gísladóttir</b><br/><b>Jón Bender</b><br/>barnabörn og langafabörn.</p> | <p><b>Guðmundur A. Gunnarsson</b><br/><b>Páll Snæbjörnsson</b><br/><b>Guðrún Ragnarsdóttir</b></p> |
|--|--|



+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður og afa,

**BERGS V. JÓNSSONAR**  
verslunarmanns,  
Skildinganesi 54.

Sérstakar þakkir til starfsfólks í Sælubæ í Hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir einstaka alúð og umhyggju.

|  |                               |
|--|-------------------------------|
| <p><b>Rut Árnadóttir</b><br/><b>Kári Bergsson</b><br/><b>Kolbrún Bergsdóttir</b><br/><b>Rakel Hlín Bergsdóttir</b><br/>og barnabörn.</p> | <p><b>Þórir Júlíusson</b></p> |
|--|-------------------------------|



+

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,

**KRISTÍN STEFÁNSDÓTTIR**  
Svöluhöfða 22,  
Mosfellsbæ,

lést mánudaginn 11. maí. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 21. maí kl. 13.00.

|  |  |
|--|--|
| <p><b>Valur Oddsson</b><br/><b>Ingbjörg Valsdóttir</b><br/><b>Ásdís Valsdóttir</b><br/><b>Sigurjón Stefánsson</b><br/><b>Kristín María, Valur, Ragna Sif, Saga og Egill Orri</b></p> | <p><b>Þorsteinn Hallgrímsson</b><br/><b>Úlfar Þorgeirsson</b><br/><b>Hjördís Anna Hall</b></p> |
|--|--|



## ÞETTA GERÐIST 18 MAÍ 2006

# Silvía Nótt móðgar Evrópu

„Ég vil fara heim til pabba“ veinaði Silvía Nótt í beinni útsendingu eftir að hún hafði ekki hlotið náð í augum Evrópubúa eftir innslag sitt í forkeppni fyrir söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva. Pennan dag fyrir níu árum síðan söng hún lag sitt Til hamingju Ísland í forkeppninni sem fór fram í Grikklandi. Áhorfendur keppinnar tóku afar dræmt í atriði hennar en mikið var púað á hana á meðan laginu stóð. Lagið sem vann það árið var finnska þungarokk-hljómsveitin Lordi sem flutti lagið Hard rock hallelujah.

Í umfjöllun Fréttablaðsins daginn eftir sagði hún hafa verið ötuð rógi og að hún ætlaði að leita á ný mið með tónlist sína. „Ég ætla að fara á annan stað, þar sem er eitthvað fólk með heila, skilurðu,“ sagði hún. „Ég ætla að fara til Ameríku þar sem ég á fullt af frægum vinum og þar sem ég ætla að gera nýja plötu með Silvíu Night.“

Lítið hefur þó spurst til Silvíu Nætur og Ameríkuævintýrum hennar. - srs

**SILVÍA NÓTT** Áhorfendur píuðu á Silvíu. WWW.PHOTOGRAPHER.IS



**ÞJÓÐMINJASAFNIÐ** Með alþjóðlega safnadeginum á að vekja athygli á mikilvægi safna í þróun samfélagsins. Hann hefur verið haldinn um allan heim með ýmsum hætti frá árinu 1977. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Söfn í þágu sjálfbærni

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn hátíðlegur í dag víða um heim. Á Þjóðminjasafninu verður boðið upp á hádegisfyrirlestra þar sem verður fjallað um söfn út frá sjálfbærni. „Oftast eru skýr tengsl á milli menningar og sjálfbærni,“ segir annar fyrirlesarinn.

**MENNING** Í dag er alþjóðlegi safnadagurinn haldinn hátíðlegur að frumkvæði Alþjóðaráðs safna ICOM.

Markmið dagsins er að vekja athygli á mikilvægi safna í þróun samfélagsins en dagurinn hefur verið haldinn með ýmsum hætti um allan heim frá árinu 1977. Í tilefni dagsins stendur Íslandsdeild ICOM fyrir hádegisfyrirlesturum í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Hugað verður að yfirskriftinni Söfn í þágu sjálfbærni en fyrirlesarar eru Ásthildur Björg Jónsdóttir, lektor í listkennsludeild Listaháskólans og Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafnsins.

„Það sem ég ætla að tala um í mínu erindi byggir á rannsókn sem ég gerði í námi mínu í safnafræði. Það snýr að því hvernig við umgöngumst menningararfinn á ábyrgan og skynsaman hátt þannig að hann komist heill til komandi kynslóða,“ segir Guðbrandur. „Grunnstefið í safnastarfi er að varðveita menningararfinn en jafnframt að veita aðgang að honum og nýta hann,“ segir Guðbrandur.

Erindi hans snýr einnig að aukningu í ferðamennsku og hvernig hún tengist safnastarfinu. „Þarna eru ákveðnir snertifletir. Hvernig notum við menn-



**ÁSTHILDUR BJÖRG JÓNSDÓTTIR**



**GUÐBRANDUR BENEDIKTSSON**

ingararfinn í þágu ferðamennsku og á hvaða hátt gerum við það. Þá færi ég rök fyrir því að hlutverk safna sé mjög sterkt í því sambandi. Varðandi umgjörðina, hvernig við segjum söguna og komum menningu á framfæri á ábyrgan hátt,“ segir Guðbrandur.

Ásthildur Björg mun í sínu erindi einnig fjalla um söfn og sjálfbærni en hún leggur nú lokahönd á doktorsritgerð sína við Háskóla Íslands og University of Lapland í Rovaniemi þar sem hún skoðar möguleika samfélagslista í menntun til sjálfbærni. „Ég fjalla um sjálfbærni og menntun til sjálfbærni á söfnum. Gefin verða fjölbreytt dæmi um starfsemi safna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi,“ segir Ásthildur.

„Grunnstefið í safnastarfi er að varðveita menningararfinn en jafnframt að veita aðgang að honum og nýta hann

Guðbrandur Benediktsson safnstjóri Borgarsögusafnsins

„Oftast eru skýr tengsl á milli menningar og sjálfbærni en menning getur haft rík áhrif á hegðun, neyslumynstur og framleiðsluhætti. Menning felur í sér fagurfræðilega, siðferðislega og andlega þætti sem allir tengjast sjálfbærni. Með því að skoða þessa þætti opnast fjölmörg tækifæri til aukins skilnings á heiminum og lífinu sjálfu. Þekking er nauðsynleg forsenda fyrir sjálfbæru samfélagi og ætti að marka gildismat okkar og ákvörðunartöku,“ segir Ásthildur.

Fyrirlestrararnir hefjast klukkan 12.10 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Fritt er inn og allir eru velkomnir.

viktoria@frettabladid.is



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ALLT Á KAFI Í SNJÓ

Þótt maímánuður sé hálfnaður er enn allt á kafi í snjó víða á Norður- og Austurlandi. Vorverkin fá því að bíða um sinn. Þetta er þó ekkert einsdæmi. SÍÐA 2



### Sjálfvirkur hurðaropnarbúnaður

fyrir húsfélög og fyrirtæki, ásamt uppsetningu og viðhaldi Hentar vel fyrir aðgengi hreyfihamlaðra.

**JARNGLER**

Skútvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

## LÓAN VAR FYRST

**LEIRAR FUGLA** Íslenskir fuglar eru viðfangsefni listakonunnar Rósu Valtingojer. Fuglarnir eru orðnir sex en Rósa stefnir á að fjölga þeim árlega.

